# Snemmtæk íhlutun í máli og læsi



Leikskólinn Kirkjugerði

# Efnisyfirlit

Formáli-aðdragandi verkefnisins ........................................ 5
Saga skólans og sérstaða ........................................ 5
Fræðilegur hluti ........................................ 6
Einkunnarorð Kirkjugerðis ........................................ 6
Jákvæður agi ........................................ 6
Gleði ........................................ 7
Félagsfærni ........................................ 7
Hugsmíðahyggja ........................................ 7
Floorbooks ........................................ 9
Lubbi finnur Málbein ........................................ 10
Framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar ........................................ 11
Læsisstefna ........................................ 11
Þróun málþroska ........................................ 11
Læsi ........................................ 13
Hljóðkerfisvitund ........................................ 14
Áhrif tónlistar á málþroska barna ........................................ 15
Leiðir leikskólans að framtíðarsýninni ........................................ 16
Snemmtæk íhlutun ........................................ 17
Málörvun tvítyngdra/fjöltyngdra barna ........................................ 17
Leiðir leikskólans að framtíðarsýninni ........................................ 20
Samskipti við foreldra og forráðamenn ........................................ 21
Aðlögunarferli, upphafsviðtal og bakgrunnsupplýsingar ........................................ 21
Fundir með foreldrum/forráðamönnum ........................................ 21
Foreldrafélag og foreldraráð ........................................ 22
Facebook síður ........................................ 22
Karellen ........................................ 23

Heimasíða leikskólans ........ 23
Hefðir og tyllidagar ........ 23
Eldgosið í Eyjum ........ 23
Söngur í sal ........ 24
Hjóla og útidótadagur ........ 24
Vasaljósadagur ........ 24
Bangsadagurinn ........ 24
Desemberhefðir ........ 24
Piparkökuskreyting ........ 24
Jólaball ........ 24
Jólalegur föstudagur ........ 24
Samstarf við kirkjuna ........ 25
Heimsókn frá prestum Landakirkju ........ 25
Aðventuheimsókn í Landakirkju ........ 25
Dagur íslenskrar tungu ........ 25
Dagur leikskólans ........ 25
Bolludagur, sprengidagur og öskudagur ........ 25
Starf inni á deildum ........ 26
Hópastarf ........ 26
Uppsetning á hópastarfi/málörvunarstundum ........ 26
Bínureglur ........ 27
Samverustundir ........ 27
Yndislestur ........ 28
Lestur yngri barna ........ 28
Lestur eldri barna ........ 28
Lubbastarf inni á deildum ........ 28
Lubbastund ........ 28

Hefðir tengdar Lubba ....................29
Orð dagsins ....................29
Stærðfræði ....................30
Stærðfræði í málörvunarstundum ....................30
Stærðfræði í frjálsum leik ....................30
Einingarkubbar ....................30
Numicon ....................31
Spil....................31
Söngstundir og tónlist ....................31
Þjónar ....................32
Afmæli....................33
Ferilmöppur ....................33
Sumarstarf ....................33
Nærumhverfi og vettvangsferðir ....................33
Flokkun málörvunarefnis ....................35
Flokkun bókasafns ....................36
Sérkennsla ....................38
Reglubundin notkun matstækja ....................38
Orðaskil ....................39
Orðaskil - verkferill ....................39
EFI-2 ....................40
EFI-2 - verkferill ....................40
TRAS ....................41
TRAS - verkferill ....................42
Hljóm-2 ....................43
Önnur matstæki ....................43
Smábarnalistinn ....................43

Íslenski þroskalistinn......44
Íslenski málhljóðamælirinn......44
AEPS......44
Frávik í þroska......45
Einstaklingsáætlun ......45
Stuðningur á deild ......45
Einstaklingsnámsskrá ......45
Teymisfundir ......46
PECS......46
Heimildarskrá ......47
Viðauki 1 ......51
Viðauki 2 ......60
Viðauki 3 ......61
Viðauki 4 ......65
Viðauki 5 ......75
Viðauki 6 ......76
Viðauki 7 ......78
Viðauki 8 ......80
Viðauki 9 ......81
Viðauki 10 ......82
Viðauki 11 ......83



Leikskólinn Kirkjugerði

# Formáli-aðdragandi verkefnisins

## Saga skólans og sérstaða

Leikskólinn Kirkjugerði var reistur sem tveggja deilda leikskóli árið 1974 fyrir gjafafé frá Hjálparstofnun kirkjunnar. Árið 1976 var lítið hús reist á lóð leikskólans og nýtt sem ein deild. Árið 1991 var byrjað að byggja við leikskólann og árið 1994 hafði leikskólinn verið stækkaður umtalsvert og var orðin fjögurra deilda leikskóli. Árið 2018 var aftur byggt við Kirkjugerði, einni deild var bætt við skólann, salur og kaffistofa starfsmanna voru stækkuð, nýtt og stærra eldhús var byggt og vinnuaðstaða starfmanna bætt. Kirkjugerði er í dag 697 m2 og er fimm deilda leikskóli. Bera deildirnar allar nöfn víka á Heimaey: Stafsnes- Kletts-, Kópa-, Presta- og Höfðavík.

Kirkjugerði var upphaflega rekinn sem hálfdagsleikskóli og komu börnin með nesti að heiman. Árið 1998 var farið að gefa kost á meiri sveigjanleika í vistun og bjóða nú allar deildar upp á sveigjanlegan vistunartíma og dvelja flest börn skólans átta tíma eða lengur. Á svipuðum tíma var farið að bjóða uppá morgunmat, hádegismat og nónhressingu í leikskólanum. Í kring um árið 2020 fór Vestmannaeyjabær að bjóða leikskólapláss fyrir börn frá eins árs aldri. Fljótlega kom í ljós að þessi langi skóladagur hentaði þessum yngsta aldurshópi illa og í kjölfarið kom tillaga frá faghóp um gæðastarf og viðmið í leikskólum þess efnis að skóladagur yngsta aldurshóps í leikskólum sveitarfélagssins, þ.e. 12 – 18 mánaða verði styttur þannig að börnin verði ekki lengur en til klukkan 15:00 dag hvern. Þessi breyting tekur gildi haustið 2023 og munu þá öll börn undir 18 mánaða hafa að hámarki sjö og hálfs tíma vistun í leikskólanum.

Leikskólinn tók upp stefnu Hugsmíðahyggjunnar árið 2018 og starfar hann eftir þeirri stefnu í dag. Þá vinnur leikskólinn með námsefnið Floorbooks, sem eru einskonar samvinnunámsbækur. Ekki hefur tekist að finna hentuga íslenska þýðingu á það verkefni og mun það því ganga undir heitinu Floorbooks hér eftir.

Haustið 2022 var tekin sú ákvörðun hjá Vestmannaeyjabæ að taka upp samstarf við MMS varðandi snemmtæka íhlutun í málþroska og læsi. Allir leikskólar í Vestmannaeyjum taka þátt í verkefninu og er afurðin af því þessi bók. Vinnan í verkefninu miðar að því að ramma inn alla þá faglegu vinnu sem fram fer í leikskólanum og gera hana aðgengilega fyrir alla að sjá. Hvort sem það er núverandi starfsfólk, framtíðar starfsfólk, foreldrar eða aðrir sem koma að leikskólastarfinu. Faglegur ráðgjafi verkefnisins var Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur og verkefnastjóri var Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi.




# Fræðilegur hluti

## Einkunnarorð Kirkjugerðis

### Jákvæður agi



Jákvæður agi felur í sér að setja barninu skýr mörk og fáar einfaldar reglur sem barnið á auðvelt með að fara eftir. Það felur í sér að barnið finnur til öryggiskenndar þegar það veit mörkin og finnur að hinn fullorðni ber umhyggju fyrir velferð þess. Jákvæður agi styður við að barnið læri smá saman eftir þroska og aldri sjálfsaga sem öllum er mikilvægur til að takast á við mótlæti og erfiðleika. Jákvæður agi kennir barninu þá félagsfærni að sýna náunganum tillitssemi en eflir það jafnframt til sjálfræðis og að standa við eigin sannfæringu.

## Gleði

Börnin í leikskólanum Kirkjugerði eiga að njóta leikskóladvalar sinnar í styðjandi leikskólaumhverfi sem einkennist af gagnkvæmri virðingu barna og fullorðinna og viðurkennandi samskiptum. Í slíku umhverfi er litið á börn sem sterka og hæfa einstaklinga og hafa leikskólakennarar trú á getu þeirra. Báðir aðilar sjá hvorn annan sem jafngilda einstaklinga með það að markmiði að barnið verði meðvitaðra um eigin getu, sjálfstæðara og umburðarlyndara. Til þess verður barnið að fá frelsi til eigin hugsana og tilfinninga og að reyna hæfni sína við fjölbreytt viðfangsefni. Skapa á aðstæður þannig að börnin geti hjálpað sér sem mest sjálf og valið sér viðfangsefni eftir áhugahvöt hverju sinni. Kennarinn á að styðja við áhugahvöt barnsins og athafnagleði sem er drifkraftur barnsins í eigin þekkingarleit og eflingu sjálfstæðis.



## Félagsfærni

Félagsfærni er lærð hegðun þar sem hinn fullorðni er börnum mikilvægasta fyrirmyndin . Börn læra yrta og óyrta félagslega hegðun með því að fylgjast með því hvernig fullorðnir haga sér og með því að prófa sig áfram í samskiptum við fullorðna og önnur börn. Það að búa yfir góðri félagsfærni og vera flinkur í mannlegum samskiptum er mikilvægur mannlegur kostur. Með því að efla ábyrgð barna og gera þau meðvitaðri um gildi jákvæðra og uppbyggilegra samskipta sín á milli, styrkjum við félaglega hæfni þeirra sem eykur lífsgæði þeirra til lengri tíma.

Tekið úr námsskrá Kirkjugerðis

# Hugsmíðahyggja



Í Kirkjugerði er unnið eftir Hugsmíðahyggjunni. Kjarni þeirrar skólastefnu er sjálfræði, lýðræðisleg vinnubrögð, viðurkennd samskipti og jafnrétti. Í hugsmíðahyggju er litið til kenninga Piaget um þroskaferli barna. Hann taldi að ung börn læri meira í gegnum leik heldur en með beinni kennslu þar sem barnið situr og kennari segir frá. Í gegnum leikinn byggir barnið upp þekkingu í samskiptum við önnur börn og umhverfi sitt (Piaget, 1935/1973).

Lögð er áhersla á virkni barnsins í eigin þekkingarleit og mikilvægi þess að kennarar nýti áhugahvöt barnsins hverju sinni. Áhersla er lögð á að barninu líði vel og að í skólanum sé ávallt notalegt andrúmsloft sem eykur áhugahvöt barnsins og sjálfræði. Mikilvægt er að barnið noti sjálfræði sitt til þess að fylgja eðlislægri forvitni sinni og efli það sjálfstraust sem þarf til þess að leysa þau verkefni sem upp koma sem og hafi kjark til þess að segja hug sinn. Kennarinn lítur á ágreining í barnahópum sem tækifæri til að efla félags- og siðgæðisvitund barnanna og leiðbeina þeim um að finna lausn á vandamálum er koma upp hverju sinni (Piaget, 1935/1973).

Kjarni hugtaksins sjálfræði er sú skynjun barnsins að það hafi ákveðið vald til að taka ákvarðanir um vissa þætti í eigin lífi. Sjálfræði byggist upp innra með nemandanum og einungis í gegnum samvinnu við hina fullorðnu. Barnið þarf að fá tækifæri til þess að æfa sig sjálft og læra af mistökunum. Þegar barn finnur að því er treyst tekur það frekar ábyrgð á eigin hegðun. Barnið þróar þannig með sér sjálfstæða dómgreind og siðferðiskennd. Dæmi um sjálfræði er þegar barn setur á sig húfu til þess að verða ekki kalt en ekki vegna þess að kennarinn fer fram á það. Nám án aðgreiningar er haft að leiðarljósi í leikskólastarfinu. Í því felst að komið er til móts við þarfir sérhvers einstaklings og jafnræðis gætt í starfi með börnunum (Sesselja Hauksdóttir, 2001).


Frjáls leikur í dúkkukrók

Börn hafa meðfædda tilhneigingu til þess að rannsaka umhverfi sitt, gera tilraunir og leika sér. Drifkraftur námsins er forvitni, áhugi, virkni og gleði. Rík áhersla er lögð á fjölbreytt, opið og raunverulegt námsumhverfi sem styður við þroska og áhugahvöt barnsins. Viðurkennandi samskipti eru grundvallaratriði í hugsmíðahyggju. Í því felst að virðing er borin fyrir barninu og bernskunni. Hugmyndir barna eru virtar og kennarar takmarka vald sitt og stýringu.

Í Kirkjugerði er unnið með Floorbooks. Sú námsaðferð styður vel við hugmyndir Hugsmíðahyggjunnar þar sem kennarar auka markvisst áhugahvöt barnsins og börnin nota sjálfræði sitt til þess að fylgja áhugahvöt sinni og þroska sig dag frá degi. Könnunarleikurinn er einnig gott dæmi um nám í anda Hugsmíðahyggju. Í Kirkjugerði fara yngstu nemendurnir markvisst í könnunarleik. Þar rannsaka þeir hversdagshluti á eigin forsendum og ýtir sú námsaðferð einnig undir áhugahvöt og sjálfræði nemandans (Kristín Dýrfjörð, 2012).

# Floorbooks

Árið 2017 fór starfsfólk Kirkjugerðis í námsferð til Glasgow. Þar kynntust þau aðferð sem kallast "Talking and thinking Floorbooks". Starfsfólkið heillaðist af aðferðinni og var ákveðið að fara á framhaldsnámskeið í næstu námsferð árið 2019. Síðan þá hefur leikskólinn smám saman innleitt aðferðina í skólastarfið okkar. Starfsfólk leikskólans lítur á Floorbooks aðferðina sem sérkenni leikskólans.


Unnið með hugarkort

Talking and thinking Floorbooks er kennsluaðferð þróuð af Dr. Claire Warden. Aðferðina hefur hún byggt upp, þróað og bætt á sínum starfsferli. Upphaflega kallaði hún aðferðina Floorbooks, seinna breytti hún yfir í Big book planners en í dag kallast hún Talking and thinking Floorbooks. En það nafn lýsir aðferðinni hvað best. Floorbooks bækurnar eru frábær leið til að skrá niður tilgátur og hugsanir barna. Aðferðin er mjög barnmiðuð og felur í sér einskonar skráningu á leik, hópastarfi og því námi sem felst í leiknum. Eitt af lykilatriðum Floorbooks er að þær taka mið út frá áhugasviði barnanna. Kennarinn sér svo um að finna leiðir út frá áhugasviði barnanna og hvernig hægt sé að vinna áfram með ákveðið viðfangsefni. Bækurnar innihalda hugmyndir og hugsanir barnanna án túlkunar frá hinum fullorðna, sem er svo notað sem grundvöllur fyrir áframhaldandi nám þeirra. Börnin eru spurð opinna spurninga til þess að fá þau til að hugsa út fyrir rammann og miðla sinni þekkingu um viðfangsefnið. Allar hugmyndir og skoðanir eru teknar gildar. Með Floorbooks er fundið út hvaða þekkingu börnin hafa á viðfangsefninu áður en vinnan hefst, á meðan hún er í gangi og eftir að vinnu bókarinnar lýkur. Með því að leyfa börnunum að taka þátt í að skipuleggja eigið nám verða þau áhugasamari og námið verður dýpra. Í Floorbooks vinnu er hægt að vinna með öll námssvið leikskólastarfsins og halda vel utan um skráningu á því. Aftast í bókunum er námsmat þar sem kennari skráir niður eftir hvern tíma hvað fór fram í tímanum og hvaða námssviði það tengist (Warden, 2017).


Unnið í Floorbooks

Sjá nánar í viðauka 1



# Lubbi finnur Málbein

Haustið 2017 byrjaði starfsfólk Kirkjugerðis að vinna með verkefni sem tengist læsi og málörvun. Ákveðið var að vinna út frá bókinni Lubbi finnur málbein. Hugmyndasmiðirnir á bak við Lubba, Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir eru talmeinafræðingar sem hafa áralanga reynslu af talþjálfun barna. Námsefnið býður upp á nýja framsetningu á íslensku málhljóðunum og leggur góðan grunn að lestrarnámi auk þess sem það stuðlar að betri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð. Lubba efnið er samþætting sjón-, heyrnar- og hreyfi/ snertiskyns en það má líkja því við að börnin nemi málhljóðin í þrívídd. (ath heimild)





Börnin hlusta á Lubbalögin

Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar til að læra að tala en þá þarf hann að læra íslensku málhljóðin. Hundum finnst gott að naga bein og er Lubbi engin undantekning, þess vegna líta málhljóðin út eins og bein sem Lubbi nagar. Þannig lærir hann smátt og smátt að tala. Það þarf að aðstoða Lubba við að læra málhljóðin og ætla börnin að aðstoða hann með söng og ýmsum öðrum æfingum. Mikið hefur verið framleitt af fylgiefni sem við erum að nýta okkur í samveru, málörvunarstundum og víðar. Íslensku málhljóðin ásamt stöfunum eru markvisst kynnt fyrir börnunum með skemmtilegum sögum, myndum og söngvum (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2016).


Lubbi í gönguferð


Lubbi í útiveru

# Framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar



Frá undirritun framtíðarsýnar

Árið 2020 hóf Vestmannaeyjabær vinnu við það að þróa nýja framtíðarsýn og áherslur í skólastarfi. Vinnan tók lengri tíma en áætlað var vegna heimsfaraldurs, en haustið 2022 var framtíðarsýnin tilbúin og gildir hún til ársins 2026.

Framtíðarsýnin var unnin af starfshóp sem samanstóð af aðilum úr leik- og grunnskólum ásamt skólaskrifstofu Vestmannaeyjabæjar. Þá voru haldnir vinnufundir með öllum hagsmunaaðilum úr skólakerfinu, það er kennurum, leiðbeinendum, nemendum og forráðamönnum (Vestmannaeyjabær, 2022).

Í framtíðarsýninni er unnið út frá fjórum þáttum: lestur, stærðfræði, tæknimennt og snemmtæk íhlutun og eru einkunarorð hennar áhugi, samvinna og árangur.

Allir leik- og grunnskólar Vestmannaeyjabæjar hafa samþykkt framtíðarsýnina og vinna eftir henni. En það er hlutverk hvers skóla að útfæra það hvernig þeir nálgast þau markmið sem hafa verið sett.

Sjá nánar í viðauka 2




Bókaormur kemur með bók að heiman

## Læsisstefna

### Þróun málþroska

Sterkasta auðkenni mannsins er að hann er menningar- og félagsvera. Þar spilar tungumálið stóran þátt og er meginmiðill í samskiptum, menningu og menntun. Málþroskinn skiptir því miklu máli í því hvernig barni gengur í skóla og í samfélaginu seinna meir. Þess vegna er mjög mikilvægt að barn nái góðum tökum á málinu strax á leikskólaaldri, geti tjáð þarfir sínar og langanir, hugsanir og tilfinningar (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

Málþroski felur í sér meðal annars orðaforða, framburð, setningamyndun og beygingar.  Hluti af góðum málþroska er að hafa góðan málskilning, sterka hljóðkerfisvitund og kunna viðeigandi

boðskipti. Barn þarf að öðlast hæfni í öllum þessum þáttum, sem tengjast og vinna saman, til þess að þróun máls verði eðlileg (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, 2000)

Orðaforði skiptist í tjáningarorðaforða, sem eru þau orð sem við notum þegar við tölum eða skrifum, og viðtökuorðaforða sem eru þau orð sem við þekkjum en notum ekki endilega. Stærð orðaforðanna er misjöfn en viðtökuorðaforðinn er alltaf stærri því við skiljum alltaf fleiri orð en við notum (Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samuel Lefever, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2017)


Stafakennsla í frjálsum leik

Erlendar rannsóknir sýna að á aldrinum tveggja til sex ára læri börn í kringum 10 orð á dag og eftir það læra börnin um 20 orð á dag. Við sex ára aldur hefur orðaforði barnanna náð um 14.000 orðum. Þessar tölur er þó ekki hægt að yfirfæra algjörlega yfir á íslensku en gefur ákveðið viðmið. Elín Þöll Þórðardóttir staðlaði orðaforðaprófið Orðaskil og fann út að orðaforði íslenskra barna þrefaldaðist á aldrinum 18-24 mánaða og tvöfaldaðist frá 24-36 mánaða. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður annarra landa á sama prófi. Það tekur börn tiltölulega stuttan tíma að tileinka sér orðaröð móðurmálsins og villur eru sjaldgæfar en meiri tíma virðist taka að ná tökum á beygingum orða þar sem íslenska er mikið beygingarmál. Þegar börn hafa farið í gegn um öll stig máltökunnar líkist mál þeirra að mestu máli fullorðinna og teljast þau hafa náð fullum tökum á móðurmáli sínu.

Leikur styður við þróun læsis og gegnir því stóru hlutverki í málörvun í leikskólastarfi (Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, 2000). Það skiptir sköpum að vinna markvisst í leikaðstæðum og leyfa börnum að uppgötva málið í gegnum skemmtilega málörvun sem er útfærð í gegnum leik og viðhöfð í daglegum aðstæðum í leikskólanum. Allt starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram við að vera góðar málfyrirmyndir og að gera sér grein fyrir mismunandi stöðu barna hvað varðar málþroska (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014). Til þess að gera sér grein fyrir mismunandi getu barna í málþroska er mikilvægt að hafa góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi stöðu barns í málþroska við upphaf skólagöngu ásamt því að vera meðvitaður um stöðu barnsins í mismunandi málþáttum sem skapa órofna heild í þróun á góðum málþroska.

## Læsi

Lestrarkennsla byrjar í leikskólanum.  Orðaforðinn er mikilvægur grunnþáttur og undirstaða náms. Komið hefur fram í ýmsum rannsóknum að nauðsynlegt sé að auka orðaforða barna til að bæta lesskilning þeirra. Leggja þarf frá upphafi ríka áherslu á orðaforða og styðja við máltöku (Elsa Pálsdóttir, 2017). Samuel T. Orton var einn af frumkvöðlum þegar kom að rannsóknum á lestrarörðugleikum. Hann var fljótur að finna það út að flest börn sem glímdu við vanda í lestrarnámi áttu eða höfðu átt í miklum vandræðum með hið talaða mál líka (Kamhi, Alan G. og Catts, Hugh W., 2014).


Yndislestur á elstu deild

Lestur bóka hefur heilmikið að segja í orðaforðakennslu fyrir börn. Rannsóknir sýna að þegar fullorðnir lesa fyrir börn gefur það börnunum kost á að læra ný orð. Við það eina að lesa bók einu sinni fyrir barn getur það aukið viðtökuorðaforðann sinn. Einnig hefur verið sýnt fram á að við það að lesa sömu bókina tvisvar sinnum getur barn lært ný orð án þess að fá beina útskýringu á hvað orðin þýða. Ein áhrifamesta leiðin til að kenna börnum ný orð í gegnum lestur er að leyfa börnunum að vera þátttakendur í lestrinum og að lesandinn útskýri fyrir börnunum á meðan lesið er hvað einstök orð þýða (Hargrave, Anne C. and Sénéchal, Monique, 2000). Niðurstöður rannsóknar Vadasy, Nelson og Sanders 2013 sýna að hópur barna sem fékk grunnkennslu í orðaforða og byrjendalestri í leikskóla voru framar þeim sem ekki fengu samskonar þjálfun þegar þau komu í grunnskóla (Stefanía Ólafsdóttir, 2016). Einnig hafa margar rannsóknir sýnt fram á að þau börn sem ganga í leikskóla standa framar þeim börnum sem ekki ganga í leikskóla þegar kemur að tungumálahæfni í námi seinna meir. Þessi munur helst alveg fram á unglingsár (Becker, 2011). Af þessu má draga þá ályktun að leikskólinn sinnir stóru hlutverki í þróun málþroska barna.



Það er almenn skoðun sérfræðinga að lestur fyrir ung börn hafi jákvæð áhrif á framvindu lestrarnáms og því hefur jafnvel verið haldið fram að lestur fyrir börn getu breytt menntunarástandi heilu þjóðanna (Guðmundur B. Kristmundsson, 2001)

Almenn atriði í málþroska sem að börn ganga í gegnum

- Barnið er að uppgötva málið (frá fæðingu til átta mánaða)
- Að geta skipst á boðum (átta til 13 mánaða)
- Barnið byrjar að segja fyrstu orðin (12 til 18 mánaða)
- Barnið getur sett saman orð (18 mánaða til tveggja ára)
- Einföld setningamyndun (tveggja til þriggja ára)
- Flóknari setningamyndun (þriggja til fimm ára)

Ef að barnið fylgir ekki ofangreindum þrepum í málþroska er líklegt að barnið sé með málþroskafrávik sem að endurspeglast bæði í móðurmáli og öðrum tungumálum sem að barnið lærir. (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík og Sara Tosti. 2021).

## Hljóðkerfisvitund

Vitundin um hljóðbyggingu máls kallast hljóðkerfisvitund. Barn með þroskaða hljóðkerfisvitund hefur byggt upp þann hæfileika að gera greint og mótað hljóðin í móðurmáli sínu (Yopp og Yopp, 2009). Hljóðkerfisvitund kemur þegar skilningur barna á hljóðkerfiseinungum málsins fer úr því að skilja stærri einingar eins og orð eða atkvæði, yfir í það að skilja minni máleiningar eins og málhljóð eða orðhluta (Pullen og Justice, 2003).



Verkefni sem efla hljóðkerfisvitund

Barn verður að geta skilið og aðgreint hljóð móðurmáls síns til að geta skilið táknin sem fyrir þau standa. Þess vegna er hljóðkerfisvitund undirstaða alls lestrarnáms (Yopp og Yopp, 2009). Rannsóknir síðustu áratuga hafa leitt í ljós að flest börn sem eiga í erfiðleikum með lestur hafa ekki þroskað með sér nógu góða hljóðkerfisvitund (Phillips, Clancy-Menchetti og Lonigan, 2008).

Hægt er að skipta hljóðkerfisvitund niður í tvö stig. Fyrra stigið nær yfir stærri einingar hljóðsins sem er verið að nota, eins og t.d. að þekkja atkvæði orða. Seinna stigið er flóknara og nær yfir þann leik sem börnin geta gert úr hljóðunum. Á því stigi geta börnin þekkt hljóðið og tekið þátt í leiknum sem leikinn er með það (Yopp og Yopp, 2009). Þannig

getur t.d. barn sem er á seinna stigi hljóðkerfisvitundar hlustað á leikskólakennara syngja vísu með rími og farið sjálft að búa til rím sem passar í vísuna.

## Áhrif tónlistar á málþroska barna

Tónlistarnám í leikskólum er okkur eins sjálfsagður hlutur og að grasið sé grænt og ekki að ástæðulausu. Það er manneskjunni eðlislægt að syngja fyrir ungviði sitt frá örófi alda en við getum í dag sýnt fram á það með rannsóknum nútímans að tónlist eflir málþroska barna með því að efla orðaforða hljóðkerfisvitund og skilning á hlustuðu efni (Hallam S. 2010). Tónlist og söngur eru mikilvægur þættir í menntun ungra barna. Það er þekkt að tónlist getur haft jákvæð áhrif á þroska þeirra, bæði til náms - og persónuleikaþroska (Sigríður Pálmadóttir. e.d.). Hún eflir skynfæri þeirra, félagslegan og tilfinningalegan þroska og má einnig nota sem tól til að kenna ýmis hugtök svo sem talningu, liti og form.(McMaster University, 2018).


Tónlistarstund

Söngur hefur marbreytileg áhrif á þroska ungra barna. Hann styrkir vitsmuna þroska þeirra með því að efla minni, athygli og lausnamiðaða hugsun. Þegar börn taka þátt í söngstundum þroskast hreyfifærni og samhæfing. Þær efla skapandi hugsun og ímyndunaraflið blómstrar.

Tónlist gerir börnum kleift að upplifa ólíka menningu, þróa með sér aga og þolinmæði og byggja sjálfstraust. Að kynna börnum snemma fyrir tónlist í leikskóla leggur grunninn að jákvæðri upplifun og ævilangri tónlistargleði sem veganesti út í lífið (Hallam, S. 2010; Ilari, B.S., & Polka, L. 2006; Bolduc, J. 2009).


Börnin velja sér hljóðfæri

## Leiðir leikskólans að framtíðarsýninni

Í framtíðarsýninni leggjum við áherslu á:

Markvissa orðaforðakennslu.
Þjálfun hlustunarskilnings.
Aukna samvinna við bæjarbókasafnið.
Þjálfun miðað við færni hvers barns.



Markmið framtíðarsýnarinnar í lestri

Þær leiðir sem við förum til að ná þessum markmiðum eru:

Bjóðum upp á fjölbreyttan málörvandi efnivið, eins og skriffæri, bækur, spil o.fl.
Vinnum markvisst með Floorbooks, þar sem börnin eru leiðandi í skráningum á sínum áhugasviðum.
Leggjum markvisst orð jafnt á athafnir og hluti.
Lesum daglega í litlum hópum. Bækur við hæfi.
Vinnum með orð dagsins á hverjum degi í hádegismat. Leikum með orðið, rímum, finnum fyrsta hljóð, tökum orð í sundur o.s.frv.
Kíkjum í vettvangsferðir á bókasafnið með elstu hópana og fáum lánaðar bækur við hæfi í bókakassa fyrir yngstu bornin.
Flokkun á bókum leikskólans eftir áherslusviði og aldursviðmiðum
Syngjum lög, lærum þulur, vísur og texta.
Vinnum markvisst að hljóðkerfisvitund barnanna í samverustundum og hópatímum.
Vinnum markvisst með Lubbi finnur málbein á öllum deildum leikskólans.
Markviss málörvun í samverustundum á hverjum degi.
Lengri markvissar málörvunarstundur a.m.k. einu sinni í viku.

## Snemmtæk íhlutun

Hugmyndafræðin á bak við snemmtæka íhlutun er bandarísk að uppruna, en þar hefur átt sér stað mesta fræðilega þróunin í rannsóknum og klínísku starfi fyrir ung börn með þroskafrávik og foreldra þeirra. Íhlutun beinist ekki eingöngu að barninu sjálfu, heldur að umhverfi þess og samspili heimilis og skóla (Tryggvi Sigurðsson, 2006). Þeir þættir sem skipta hvað mestu máli við mat á gæðum snemmtækrar íhlutunar eru aldur barns við upphaf íhlutunar, þátttaka foreldra, magn og gæði íhlutunar. Mikilvægt er að meta stöðu barns og foreldra, setja skýr markmið og skilgreina leiðir (Jóna G. Ingólfsdóttir, 2003).

Með því að byrja nógu snemma með markvissa íhlutun til að hjálpa ungum börnum með málþroskafrávik er lagður grunnur að góðum námsárangri. Með snemmtækri íhlutun og foreldrasamstarfi er hægt að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir þær afleiðingar sem alvarleg málþroskafrávik geta haft á hegðun, líðan og nám barna (Miniscalco, Westerlund og Lohmander, 2005). Með því að bíða of lengi með að hefja íhlutun er möguleiki á að tími fari til spillis sem annars hefði getað farið í að hjálpa þessum börnum með aukinni örvun og stuðningi á því tímabili þar sem skilyrði fyrir málþroska eru best (Rescorla, 1989; Bruce, Kornfält, Radeborg, Hansson og Nettelbladt, 2003; Hadley, 2006).

## Málörvun tvítyngdra/fjöltyngdra barna

Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskaröskun. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að það að læra önnur tungumál valdi málþroskaröskun eða valdi seinkun í málþroska. Öll börn hafa gott af því að læra önnur tungumál, burtséð frá því hvaða fötlun eða heilkenni þau hafa. Það skiptir þó sköpum að góður grunnur sé lagður fyrir málþroska barnsins með því að rækta vel og nota móðurmál þess. Það þýðir ekki að barnið blandi ekki stundum saman fleiri en einu tungumáli þegar það tjáir sig. Slíkt er oft eðlilegur hluti af málkerfum barnsins (e. code switching) (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004).




Lögð er áhersla á að fagna heimatungumáli allra barna á leikskólanum

Mikill misskilningur er í gangi við greiningu og málörvun ungra barna sem alast upp við tvítyngi eða fjöltyngi. Þau geta verið vangreind, þ.e.a.s. að öll vandamál barnsins séu útskýrð út frá því að barnið sé að læra annað tungumál. Það gleymist að börn eiga auðvelt með að læra önnur tungumál ef allt er með felldu. Einnig getur það gerst að barnið sé greint með málþroskafrávik, þó að vandinn sé aðallega í því fólginn að barnið þarf meiri tíma til þess að tileinka sér nýtt tungumál. Það er oft mikill vandi að greina hvort barn sem er að læra önnur tungumál sé með málþroskafrávik. Í túlkun niðurstaðna er mikilvægt að meta frammistöðu barns á þeim tungumálum sem það er að læra og ef mögulegt er að vera í góðri samvinnu við túlk sem talar móðurmál barnsins.



Þjóðerni barnanna gerð sýnileg á deild

Bein þýðing á málþroskaprófum sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmáli barnsins gefa ekki rétta mynd af málþroska barnsins ein og sér (Edwards, Letts og Sinka, 2011). Það er þó hægt að nota ákveðin viðmið prófa til þess að skoða einstök atriði í málþroska barnsins út frá eðlilegum þrepum í málþroska, sem öll börn fara í gegnum, eins og að hlusta, sameina athygli, gera til skiptis, sýna táknrænan leik, tengslamyndun, orðaforði, málskilningur, setningamyndun og viðeigandi boðskipti. Hvert tungumál hefur þó sín sérkenni sem taka þarf tillit til í mati á málþroska. Það væri auðvitað æskilegt að hægt væri að meta málþroska barnsins á eigin tungumáli. Það er þó oft flókið, svo leita verður annarra leiða. Stundum er gott að taka málsýni og nýta sér túlk þegar verið er að skoða málþroska á öðru tungumáli en íslensku og fylgjast með barninu í daglegum aðstæðum.

Bæta þarf hagnýtar rannsóknir sem stuðla að því að bæta aðferðir og mælingar á málþroska tví- og fjöltyngdra barna. Það hefur þó verið sýnt fram á að börn sem læra tvö mál samhliða, frá því að þau eru mjög ung, búi til tvö aðskilin málkerfi og að þau fari í gegnum sömu þætti í málþroska á hvoru tungumáli fyrir sig, þannig að þau læra ákveðin atriði tungumálsins í sömu röð og eintyngd börn (Elín Þöll Þórðardóttir, 2006). Þessi vitneskja hjálpar okkur að meta málþroska barna sem tala fleiri en eitt tungumál. Við þurfum þó til viðbótar því að aðlaga hefðbundin málþroskapróf að þörfum barnsins, að byggja á

klínískri reynslu og þekkingu sem er hluti að því að nota gagnreyndar aðferðir. Það er mikilvægt að afla góðra bakgrunnsupplýsinga og einnig að nota gátlista, skrá niður orðforða barnsins (þau orð sem barnið notar á þeim tungumálum sem það er að læra) og hvort það hafi möguleika á því að stunda tómstundir þar sem töluð er íslenska.

Síðast en ekki síst þarf að athuga hvort barnið er fætt á Íslandi og einnig hversu lengi það hefur dvalist á Íslandi og hvort það er í íslenskum leikskóla. Það er líka mikilvægt að vita hvort móðurmál barnsins sé notað í samskiptum við það og að hvetja alla foreldra til þess að rækta móðurmál barnsins.

Nauðsynlegt er að taka tillit til þess hvaða bakgrunnsorðaforða barnið ræður yfir og kynna fyrir barninu bakgrunnsorðaforða sem tengist íslensku. Í ljósi þessa er mikilvægt að leggja áherslu á það að útskýra ný hugtök fyrir barninu og vera viss um að barnið geri sér grein fyrir því til hvers sé ætlast af því. Það er ljóst að hvort sem barnið er með málþroskafrávik eða slaka færni í því að læra íslensku, þá er mikilvægt að veita viðeigandi íhlutun til þess að öll börn hafi jafna möguleika til náms á Íslandi (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 1999).


Pólskumælandi kennari les fyrir bornin á pólsku

Mikilvægt er að greina hvort barnið sé með málþroskafrávik sem kemur þá fyrst fram í móðurmáli og endurspeglast síðan í öðrum tungumálum sem barnið lærir. Það þarf þó í öllum samtölum við foreldra frá mismunandi menningarheimum að gera sér grein fyrir því að viðhorf til frávika er mjög mismunandi og í sumum löndum er allt önnur merking lögð í hugtakið að vera með frávik. Í mörgum vestrænum þjóðfélögum er meira verið að hugsa um það að finna frávik hjá barninu til þess að geta sett af stað markvissa íhlutun sem fyrst. Í öðrum löndum getur það að vera með frávik vakið upp mikla hræðslu og óöryggi, einfaldlega vegna þess að blöndun og skóli án aðgreiningar er ekki jafnþekkt í þjóðfélaginu og á Íslandi. Börn með frávik eru jafnvel send á stofnun eða þau fá ekki sömu tækifæri til menntunar og önnur börn (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 1999).

## Leiðir leikskólans að framtíðarsýninni



Markmið framtíðarsýnarinnar í snemmtækri íhlutun

Í framtíðarsýninni eru áhersluþættir snemmtækrar íhlutunar:

- Uppbygging málörvunarhópa.
- Setja orð á athafnir og hluti.
- Einstaklingsþjálfun.
- Flokkun á málörvunarefni.
- Vinna áætlanir um skimanir, matstæki og eftirfylgni.
- Skráningar og mat á árangri.

Þær leiðir sem við förum til að ná þessum markmiðum eru:

- Vinnum eins mikið í litlum hópum og mögulegt er inni á deildum.
- Auka málörvunarhópar í hádeginu fyrir þau börn sem þurfa ekki svefn.
- Litlir málörvunarhópar fyrir þau börn sem þurfa auka málörvun seinni partinn þegar allir fara í útiveru.
- Skimanir/prófanir framkvæmdar markvisst á öllum börnum leikskólans til að fylgjast með þróun máls og grípa þau börn sem þarfnast íhlutunar.
- Einstaklingsbundnar áætlanir unnar í kjölfar skimana og prófana þar sem áhersluatriði eru sett upp fyrir þau börn sem þess þurfa
- Íhlutun sett af stað inni á deild og komið á foreldrasamstarfi um leið og frávik koma í ljós.
- Þau börn sem þurfa frekari íhlutun fara í þjálfun hjá sérkennara í formi einstaklingsþjálfunar eða í litlum hóp.
- Skimanir eða prófanir framkvæmdar aftur á þeim börnum sem þurfa til að meta árangur íhlutunar og unnið út frá þeim.
- Setjum matstæki upp myndrænt fyrir hverja deild til að finna hvað þarf að leggja meiri áherslu á í málörvun innan deildarinnar.

# Samskipti við foreldra og forráðamenn

## Aðlögunarferli, upphafsviðtal og bakgrunnsupplýsingar

Eftir að barn fær boð um leikskólavist í Kirkjugerði hafa foreldrar/forráðamenn 10 daga til að svara hvort þeir þyggi eða hafni plássinu. Í kjölfarið eru foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með deildastjóra barnsins. Á fundinum er farið yfir það hvernig aðlögun er háttað, skólinn skoðaður og áherslur og starfshættir leikskólans kynnt. Að lokum fylla foreldrar/forráðamenn út vistunarsamning, bakgrunnsupplýsingar og eyðublað um upplýst samþykki. Að fundi loknum fá foreldrar/forráðamenn afhent aðlögunarplan og úrdrátt úr foreldrahandbók Kirkjugerðis.



Öll hólfin hafa sömu merkingar

Aðlögunin í leikskólann tekur alla jafna tvær vikur, það er þó með fyrirvara um að allt gangi vel. Í einstaka tilfellum mælum við með að aðlögunin sé annað hvort lengd eða stytt eftir þörfum barnsins. Þegar barnið mætir fyrsta daginn á það merkt hólf í fataklefanum ásamt kassa fyrir aukaföt. Hólfið er merkt með nafni barns, afmælisdegi, Lubbatákni og nöfnum foreldra.

Deildarstjóri er tengiliður foreldra/forráðamanna og barns í leikskólanum. Hann tekur á móti barninu í aðlöguninni og sér um samskipti við foreldra/forráðamenn. Allir starfsmenn deildar aðstoða barnið og sjá til þess að aðlögun gangi sem best.

Sex mánuðum eftir að barnið byrjar í skólanum eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í viðtal þar sem deildarstjóri og foreldrar/forráðamenn ræða um hvernig hefur gengið þessa fyrstu mánuði í leikskólanum.

Sjá nánar í viðauka 3

## Fundir með foreldrum/forráðamönnum

Fundir eru haldnir tvisvar á ári. Hópfundir að hausti til, annars vegar fyrir börn sem eru að byrja í Kirkjugerði og hins vegar fyrir þau börn sem eru að færast yfir á eldri deildar. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem eru að byrja fá kynningu á skólanum okkar og því starfi sem fer fram í skólanum. Þau fara svo inn á deild með viðkomandi deildarstjóra og starfsfólk deildar og fá betri kynningu á því starfi sem fer fram inni á

deild. Foreldrar/forráðamenn barna sem eru að færast yfir á eldri deildar hitta deildarstjóra og starfsfólk viðkomandi deildar og fá kynningu á starfi deildarinnar.

Við metum öll börn með aðstoð TRAS lista á sex mánaða fresti eftir tveggja ára aldur. Einu sinni á ári, í kjölfar TRAS skráningar, eru foreldrar boðaðir í foreldraviðtal þar sem farið er yfir stöðu barnsins og almennan þroska þess ásamt því að farið yfir TRAS skráninguna og niðurstöður annarra matstækja.

# Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum og er fundað eftir þörfum hverju sinni. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann.



Útskriftarbörn með gjöf frá foreldrafélaginu

Í desember stendur foreldrafélagið fyrir jólaföndri. Þá mæta foreldrar/forráðamenn með börnunum sínum, seinni part dags eða laugardag ,og föndra saman.

Á vorin heldur foreldrafélagið vorhátíð í samstarfi við leikskólann. Þá eru grillaðar pylsur, andlitsmálun og listaverk barnanna eru til sýnis inni á leikskólanum.

Foreldrafélagið gefur þeim börnum sem útskrifast úr leikskólanum hverju sinni merkt handklæði í útskriftargjöf.

Í leikskólanum starfar einnig foreldraráð sem kemur að faglegu starfi leikskólans og kynnir sér meðal annars árlega starfsáætlun skólans.

# Facebook síður

Allar deildar leikskólans eru með lokaðar Facebook síður fyrir foreldra/forráðamenn. Þar setja deildastjórar inn tilkynningar um það sem er á döfinni innan leikskólans. Einu sinni í viku er settur inn vikupóstur þar sem fram koma helstu atburðir liðinnar viku. Facebook síðurnar hafa fengið mikið lof, enda þægilegur grundvöllur til að miðla upplýsingum til foreldra/forráðamanna.

## Karellen

Kirkjugerði notast við Karellen leikskólakerfið. Í Karellen er merkt við þegar börnin mæta og eru sótt. Kennarar skrá inn hvernig börnin borða og sofa, setja inn myndir af börnum og geta sent foreldrum/forráðamönnum skilaboð varðandi börnin þeirra. Foreldrar/forráðamenn geta því fylgst vel með degi barnsins síns og sent skilaboð til kennara ef eitthvað brennur á þeim. Karellen appið er tengt við heimasíðu skólans.

## Heimasíða leikskólans

Kirkjugerði er með heimasíðuna kirkjugerdi.leikskolinn.is. Þar inni eru allar helstu upplýsingar um skólann. Má þar nefna, matseðil, skóladagatal, skýrslur, foreldrahandbók o.fl.

# Hefðir og tyllidagar

## Elgosið í Eyjum

Eldgosið í Heimaey hófst 23. janúar árið 1973 og er stór hluti af menningu íbúa Vestmannaeyja. Á hverju ári er þess minnst í starfi leikskólans, rætt um það við börnin og unnið með áhuga þeirra á þeirri sögu.



Börnin búa til eldgos í snjónum

Umræðan um eldgosið verður því oft hluti af vinnu hópanna í Floorbooks. Horft er á heimildarmyndir um atburðinn, lesið bækur og skoðaðar myndir. Elsti árgangur leikskólans fer síðan í heimsókn í Eldheima í kringum gosdaginn 23.janúar. Börnin fara ýmist fótgangandi eða með rútu allt eftir veðri og færð. Heimsóknin hefur vakið mikla lukku meðal barna og kennara.

Að auki tekur starfsfólk leikskólans oft upp samstarf við hinar ýmsu stofnanir bæjarins um listaverk í tengslum við gosupphafið eða goslokin.



Listsköpun í eldgosaþema

# Söngur í sal

Í hverjum mánuði er söngur í sal. Deildarnar skiptast á að skipuleggja hvaða lög eru sungin og bjóða hinum deildum skólans. Eldri deildar bjóða einnig oft upp á atriði til að sýna hinum börnunum. Eftir söngstundina er opið á milli deilda, en þá er opnað á milli deilda leikskólans, börnin fá að flakka um og finna sér spennandi verkefni um allt hús og leika við börn af öðrum deildum.



Börnin mæta með bangsa á bangsadegi

# Hjóla-og útidótadagur

Á vorin/sumrin er hjóla- og útidótadagur á eldri deildum leikskólans. Þá mæta börnin með hjól og hjálm eða annars konar útidót. Lögreglan mætir á svæðið og fer yfir umferðarreglurnar og skoðar hjól barnanna.

# Vasaljósadagur

Snemma árs í mesta skammdeginu er vasaljósadagur. Börnin mæta með vasaljós í skólann. Ljósin eru slökkt og þau fá að leika sér með ljós og skugga.

# Bangsadagurinn

27.október er alþjóðlegi bangsadagurinn. Þá mæta börn og kennarar í náttfötum og með bangsa.

# Desemberhefðir

## Piparkökuskreyting

Í desember eru málaðar piparkökur inná deildum, yngsti árgangurinn er undanskilin. Börnin fá glassúr til að skreyta kökurnar. Afraksturinn fer svo heim með börnunum.



Piparkökur málaðar fyrir jólin

## Jólaball

Um miðjan desember er jólaball. Þá er dansað í kringum jólatréð og jólasveinn kíkir í heimsókn. Einsi kaldi hefur boðið uppá jólamat þann dag í leikskólanum.

## Jólalegur föstudagur

Alla föstudaga í desember er jólalegur föstudagur. Þá eru starfsfólk og börn hvött til að mæta jólaleg í leikskólann.

# Samstarf við kirkjuna

## Heimsókn frá prestum Landakirkju

Í hverjum mánuði kemur prestur frá landakirkju í heimsókn. Hann segir börnunum sögu og syngur með þeim.


Samvera í kirkju

## Aðventuheimsókn í Landakirkju

Í aðventunni hafa eldri deildar leikskólans farið í heimsókn í Landakirkju. Þar er sögð jólasaga og sungið með börnunum. Fengin er rúta til að sækja börn og starfsfólk og sú hefð hefur skapast að rútan tekur smá rúnt um bæinn.

# Dagur íslenskrar tungu

16.nóvember er dagur íslenskrar tungu. Þá er fjölskyldum barnanna boðið í kaffi í nónhressingu eða morgunnmat. Þann dag er einnig haldið upp á afmæli Lubba í salnum, afmælissöngur Lubba er sunginn og allir hafa gaman. Elstu börnin æfa lag og syngja fyrir hina.


Foreldrakaffi

# Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er 6. febrúar ár hvert. Dagurinn er að sjálfsögðu haldinn hátíðlegur og er boðið í fjölskyldukaffi í leikskólanum, ýmist í morgunnmat eða nónhressingu. Hefð hefur skapast fyrir að hengja upp verk eftir börnin á fjölförnum stöðum í bænum til að vekja athygli á því flotta starfi sem fram fer í leikskólanum.

# Bolludagur, sprengidagur og öskudagur

Á hverju ári er unnið með með gamlar hefðir í kring um þessa þrjá daga.

Fyrir bolludaginn föndra börnin bolluvendi og fara með heim.

Á bolludegi býður Einsi kaldi uppá kjöt-eða fiskibollur og í leikskólanum er boðið upp á rjómabollur í nónhressingu.

Á sprengidegi er borðað saltkjöt og baunir


Kötturinn sleginn úr tunnunni

Á öskudegi er búningadagur í leikskólanum. Allir hittast í salnum og slá köttinn úr tunnunni.

# Starf inni á deildum

Dagskipulag hverrar deildar er aðlagað að þeim aldri og einstaklingum sem eru þar í hvert skipti. Þó eru fastir punktar sem hver deild þarf að uppfylla. Skipulagt hópastarf fer fram a.m.k. þrisvar sinnum í viku, þar er unnið markvisst með málörvun, Lubba efni, stærðfræði og Floorbooks. Samverustundir með markvissri málörvun er einu sinni til tvisvar á dag, yndislestur á öllum deildum daglega og gefa þarf tíma fyrir frjálsan leik.



Úr samverustund

## Hópastarf

Hópastarf fer fram minnst þrisvar sinnum í viku. Viðfangsefnin eru mismunandi eftir aldri, samsetningu og áhugasviði hvers hóps. En í grunninn eru markmiðin þau sömu og uppbygging hverrar stundar er fyrir fram ákveðin.

Útbúnar hafa verið fyrirfram ákveðnar málörvunarstundir fyrir alla aldurshópa leikskólans, með áherslur á alla þætti málþroskans. Þessar málörvunarstundir má finna í plastvösum í undirbúningsrými kennara.

Sjá nánar í viðauka 4

### Uppsetning á hópastarfi/málörvunarstunda

Allar málörvunarstundir fylgja ákveðnu formi. Sem er síðan aðlagað að hverjum aldurshóp. Flestar eru þannig settar upp að auðvelt er að grípa í þær með stuttum fyrirvara og leiðbeiningar einfaldar að fara eftir. Þær eru merktar eftir því hvaða málörvunarþætti þær ná yfir svo auðveldara sé að skipuleggja málörvun eftir áherslum deildarinnar.

Uppsetning málörvunarstunda er á þessa leið:

- Velkomin í hópatíma
- Bínureglur
- Verkefni
- Upprifjun
- Lokalag

## Bínureglur

Bínureglur eru sýnilegar á öllum deildum og í sérkennslurými. Farið er yfir reglurnar í öllum samverustundum og hópatímum.

Bækurnar um Bínu bálreiðu, eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur, vinna með undirstöðuþætti fyrir boðskipti. Samkvæmt rannsóknum getur hegðunarvandi barna að hluta til orsakast vegna undirliggjandi málþroskaröskunar. Börnin hlusta oft illa og vita ekki alveg hvers er ætlast af þeim. Bækurnar um Bínu byggjast á snemmtækri íhlutun til að að styrkja boðskiptahæfni hjá ungum börnum. Bína er dúkka sem á erfitt með hegðun. Hún skilur illa og þarf að læra ýmsar leiðir til að auka skilning, orðaforða og læra betri boðskipti. Bína lærir með einföldum reglum viðeigandi boðskipti og hættir þannig að vera bálreið, henni líður betur og hegðunin lagast. Reglurnar sem Bína lærir eru:




- Sitja kyrr
- Hlusta
- Passa hendur
- Bíða
- Setja sig í spor annarra
- Gera til skiptis
- Endurtaka
- Muna

# Samverustundir

Í samverustundum er börnum skipt í litla hópa. Í upphafi er farið yfir Bínureglurnar og í framhaldi eru unnin örverkefni með hópnum. Samverustundin er nýtt í þjálfun á hljóðkerfisvitund, orðaforða, talningu o.fl. Starfsfólk og börn syngja saman, les sögur og allir skemmta sér.

# Yndislestur


Yndislestur í litlum hóp

Á hverjum degi er lesið fyrir börnin í litlum hópum á öllum deildum. Lagt er áherslu á að velja bækur við hæfi, hafa lesturinn líflegan og í samræðuformi.

## Lestur yngri barna

Við yndislestur yngri barna er áhersla lögð á myndabækur, lesnar eru myndabækur, og bækur með einföldum texta, börnin fá að skoða myndirnar, ræða hvað þau sjá og hvað er að gerast og er sama bókin endurtekin á meðan áhugi barnanna leyfir.

## Lestur eldri barna

Eftir því sem börnin eldast og málþroski eykst þá þyngjast bækurnar. Lesinn texti verður meiri og meiri krafa er sett á umræður í kring um bókina. Kennari vandar sig við að spyrja opinna spurninga sem leggja áherslu á ályktunarhæfni og hlustunarskilning barnanna.

# Lubbastarf inni á deildum

Lubbi finnur málbein er mikilvægur í starfinu í Kirkjugerði, hann er leiðandi í gegnum starfið og má sjá hann á veggjum deildanna víða um leikskólann. Börnin byrja daginn á því að stimpla sig inn í leikskólann, taka málhljóðið (beinið) sitt í hólfinu sínu og gefa Lubba það. Í samverustund skoðar Lubbi hvaða dagur er, fer yfir veðrið og aðstoða börnin hann við að finna út hvernig föt henta í útiveru.



## Lubbastund

Lubbastund byrjar einföld fyrir yngstu börnin en með auknum aldri og þroska þá þyngist efnið. Yngstu börnin hlusta á og syngja Lubbalögin á meðan elstu börnin kafa í söguna og vinna markvisst með málhljóðið og bókstafinn.

Í Lubbastund á eldri deildum kynna börnin sig með málhljóðinu sínu og segja hvað þau heita. Farið er yfir málhljóð vikunnar. Lesin er sagan í Lubbabókinni, en þar ferðast Lubbi vítt og breitt um Ísland í leit að málbeinum og skoðuð er staðsetningu Lubba á landakorti. Lubbaboxið er skoðað, sungið er lagið við málhljóðið og teiknuð mynd út frá málhljóði vikunnar. Stundum

færist lubbastundin út fyrir veggi leikskólans, hvort sem það er á lóð leikskólans eða vettvangsferðum. Á lóð leikskólans leika börnin sér með málhljóðin, skrifa þau með krítum eða í sand og byrja að tengja saman hljóð í gegn um leik. Í vettvangsferðum kemur Lubbi með í bakpoka ásamt stórum Lubbabeinum sem eru falin á fyrir fram ákveðnum stað. En börnin leita af beinunum, sýna Lubba hvað þau fundu og segja honum frá málhljóðunum.



Þjónar dagsins og Lubbalögin þeirra

## Hefðir tengdar Lubba

Á hverju hausti er leikskólinn með lestrarátak Lubba í samvinnu við heimili barnanna. Þá fá börnin bein heim með sér til að skrá niður þær bækur sem þau lesa heima. Síðan koma þau með beinin með sér í leikskólann og saman safna þau beinum í beinahrúgu handa Lubba.


Lestrarátak Lubba

Á hverjum degi eru tveir þjónar valdir sem sjá um að leggja undirbúa matartíma deildarinnar. Lögð er sérstök áhersla á upphafsmálhljóð þjónanna, það hangir uppi á áberandi stað og Lubbalagið þeirra er sungið í samverustund.

Í hverri viku eru valin tvö til þrjú börn sem eru bókaormar. Fá þau þá að koma með bók að heiman sem lesin er í yndislestri. Eftir hverja bók sem er lesin þá er hún skráð niður á lubbabein og safnað er í beinahrúgu handa Lubba.

# Orð dagsins



Markvisst er unnið með orð dagsins

Allar deildar leikskólans vinna markvisst með orðaforðalista Menntamálstofnunar. Tekið er fyrir eitt orð í einu. Kennarar ræða orðið við börnin, velta því fyrir sér og skoða myndir. Á fyrsta skólaári er unnið með sama orðið í eina viku, en eftir það er lagt inn nýtt orð á hverjum degi. Í lok vikunnar setja deildastjórar orð vikunnar í vikupóstinn til foreldra sem fer á facebooksíðu deildarinnar. Þannig nær starfsfólk leikskólans að virkja foreldra/forráðamenn með í að auka orðaforða barnanna.



# Stærðfræði

Stærðfræði er hluti af daglegu starfi leikskólans. Hún samtvinnast inn í hópastarfið, samverustund, frjálsan leik og aðra fasta þætti leikskólastarfssins. Í hópastarfi og málörvunarstundum er unnið markvisst með stærðfræðihugtök, tölur, form o.s.frv. Í daglegum athöfnum æfa börnin sig að telja, þjónar dagsins telja hversu mörg börn sitja við hvert borð og finna viðeigandi borðbúnað.

## Stærðfræði í málörvunarstundum

Hluti af málörvun er að læra hugtök tengd stærðfræði. Í hópastarfi æfum við hugtök eins og stærri, minni, hringur, ferhyrningur, tölur o.s.frv. Börnin telja, flokka og skoða eiginleika hluta.

## Stærðfræði í frjálsum leik

Til að stærðfræði sé markviss hluti af frjálsum leik þarf starfsfólk að vera meðvitað um að hafa efnivið í boði sem býður upp á stærðfræðilega hugsun og hvernig hægt sé að nýta hann til að efla þekkingu barnanna á stærðfræði. Starfsfólk þarf að vera meðvitað og spyrja spurninga sem hvetja til þekkingaleitar. Meðal efniviðar sem nýtt er til stærðfræðikennslu eru alls konar mismunandi kubbar sem hafa fjölbreyttar áherslur, perlur þar sem börnin æfa sig að telja út og búa til mynstur, pinnar, spil, púsl o.s.frv.

## Einingakubbar

Með einingakubbum er hægt að vinna með stærðarhugtök og grunnformin. Stærðir kubbana miðast við stærðina á grunnkubbinum og eru kubbarnir ýmist hlutfallslega stærri eða minni en sá kubbur. Mikilvægt er að kennari sé meðvitaður um hugmyndafræðina á bak við kubbana til að kennslan verði sem markvissust. Í einingakubbunum



Einingakubbar

er tiltektin einna mikilvægust, en í henni fer mesta kennslan fram. Þá koma spurningar eins og hver er stærri en/minni en, ná í tvo eða þrjá kubba, þríhyrninga o.s.frv.

### Numicon

Numicon eru stærðfræðikubbar sem leggja áherslu á talningu og rýmisgreind. Hver kubbur táknar ákveðið tölugildi og er fjöldi gata og stærð eftir því tölugildi. Hægt er að vinna á fjölbreyttan máta með kubbana, bæði við borð og sem viðbót í frjálsan leik eins og t.d. með einingakubbum.

### Spil

Markvisst er unnið að því að finna stundir innan vikunnar þar sem spilað er við börnin í litlum hópum. Á eldri deildum þar sem börnin eru hætt að sofa á daginn, er spilað á hverjum degi á hvíldartíma. Í gegn um spilin æfa börnin sig að telja, formin, stærðarhugtök, rýmisgreind, minni o.s.frv. ásamt því að málörvun á sér stað í spilastundum. Spilin hafa öll verið flokkuð eftir flokkun málörvunarefnis og því getur starfsfólk auðveldlega valið spil sem hentar þeirra áherslum og viðeigandi málþáttum.



Spilað með kennara

## Söngstundir og tónlist



Spjöld með sönglögum og myndum

Söngur og tónlistarkennsla á Kirkjugerði fer fram hvar sem er og hvenær sem er. Sungið er í gönguferðum, á skiptiborðinu, við tiltekt, í Lubbastundum, í upphafi og lok hvers hópastarfstíma og svona mætti lengi telja. En mest er þó sungið samverustundum. Það eru nokkrar samverustundir yfir daginn og er söngur samofinn þeim. Starfsfólk leikskólans notar spjöld með myndum öðru megin og texta á hinni hliðinni í söngnum.

Í samverustundinni þegar starfsmennirnir halda á spjaldinu snúa þeir myndinni að börnunum svo þau geti séð hvaða lag er verið að syngja. Það hjálpar þeim að muna hvaða lag er hvað og auðveldar þannig leit barnanna að lögum sem þeim finnst skemmtileg og biðja um að séu sungin.



Nemandi velur næsta lag í söngstund

Söngurinn er fjölbreyttur og áherslur misjafnar. Stundum er klappað eftir atkvæðum, æft sig í rími, sungin lög eftir viðeigandi árstíðum og veðri hverju sinni og sönglög með hreyfingum. Sungin eru lög sem hæfa hverjum aldri og þó flest lög séu sungin á öllum deildum eru lög eins og „Upp upp upp á fjall“ sem er stutt og einfalt meira sungið á yngstu deildinni og á eldri deildum sungið t.d. „Nú er úti norðan vindur“ með öllum erindunum.

Á eldri deildum er börnunum gefið tækifæri á að syngja fyrir hina í samverustundum og í söngstund í sal. Í samverustundum er þeim sem hafa áhuga á, boðið að standa fyrir framan hina og syngja lag að eigin vali. Kennari getur stutt við sönginn sé þess óskað en reynir þá að syngja lægra en barnið. Þetta hefur gefið góða raun og þau börn sem hafa ánægju af athyglinni hafa oft brotið ísinn fyrir hin þangað til þeim finnst orðið sjálfsagt að taka lagið fyrir hvert annað.



Þjónar leggja á borð

# Þjónar

Eldri deildar leikskólans eru með þjóna fyrir hádegismatinn. Þjónarnir sjá um að undirbúa hádegismatinn, leggja á borð, kíkja í eldhúsið og fá að vita hvað er í matinn og segja hinum börnunum hvað verður í boði. Í hádegissamveru eru sungin Lubbalög þjónanna og þau bjóða hinum börnunum að setjast til borðs.

# Afmæli

Afmæli barnanna eru að sjáfsögðu haldin hátíðleg. Börnin fá að velja sér skemmtilegan borðbúnað til að hafa í máltíðum dagsins ásamt því að þau fá að velja hvaða ávextir verða í boði í ávaxtastund. Þá búa þau sér til afmæliskórónu og fá afmæliskort frá deildinni.



Afmælisbarnið býður upp á ávexti

# Ferlilmöppur

Hvert barn á sína ferilmöppu þar sem það safnar saman verkefnum sem það vinnur í leikskólanum. Í ferilmöppuna fara sjálfsmyndir sem eru gerðar í október og apríl ár hvert eftir að barnið byrjar annað skólaárið sitt á leikskólanum. Handa- og fótafar barnsins við upphaf leikskólagöngu fer í möppuna, skráning á svörum barnanna er varða lífið og tilveruna auk annarra verkefna. Þegar börnin útskrifast fá þau ferilmöppuna sína með sér heim.



Fjölbreyttar stöðvar eru á útisvæði á sumrin

# Sumarstarf

Á sumrin færum við hópastarfið út tvisvar sinnum í viku og bjóðum uppá stöðvar á útisvæði. Hver deild skipuleggur svæði með tilbreytingu í huga. Í boði eru alls kyns spennandi stöðvar, mismunandi eftir vikum.



Börnin hvetja ÍBV áfram á Orkumótinu




Plöntur í nærumhverfi skoðaðar

# Nærumhverfi og vettvangsferðir

Vestmannaeyjar eru ríkar af náttúru og hefðum og er starf leikskólans litað af því sem er í nærumhverfi hans.

Á hverju sumri eru tvö fótboltamót haldin. Þangað kíkir starfsfólk leikskólans með börnin á eldri deildunum, horfa á leik og hvetja áfram ÍBV.

Grunnskólinn er með danssýningu á Stakkó á hverju vori. Þann dag er farið í göngu og horft á krakkana dansa.

Eldri deildar leikskólans eru í samstarfi við Hraunbúðir og dagdvöl eldri borgara. Þá kíkja börnin yfir í litlum hópum, spjalla við eldri borgarana, leika og föndra.



Í heimsókn á Hraunbúðum

Rétt hjá leikskólanum er Víkin 5 ára deild og er samstarf þar á milli. Starfsfólk leikskólans ásamt börnum fara yfir á lóðina þeirra að leika, þau kíkja í heimsókn ásamt því að Víkin kíkir stundum í heimsókn á Kirkjugerði.

Af og til yfir veturinn, þegar ekki er skóli, fá börnin að heimsækja íþróttamiðstöðina að leika. Þá er leikskólinn í samstarfi við íþróttamiðstöðina og fær reglulega að hengja upp þar listaverk.

Sagnheimar eru í göngufæri við leikskólann, þangað er farið með elstu börnin einu sinni á ári og skoðað safnið. Þá hefur leikskólinn verið í samstarfi við safnið og börnin gert listaverk í tengslum við ýmiskonar sýningar og viðburði.

Allt í kring um leikskólann er ósnortin náttúra. Börnin eru dugleg að kíkja í göngur þangað, leika í klettunum, byggja kofa, týna ber, týna rusl o.fl. Þá eru kennileiti allt í kring sem börnin fræðast um og kíkja á í göngum. Meðal kennileita sem eru í göngufæri við leikskólann eru:

Illugahellir og Illugaskip

Hundraðmannahellir

Herjólfsdalur

Rýnisklettar

Hraunið

# Flokkun málörvunarefnis

Á Kirkjugerði erum við vel búin af alls kyns málörvunarefni. Við flokkun á málörvunarefninu var tekið mið af TRAS skimunarlistunum. En þar sem TRAS listinn er nýttur til að meta mál og félagsþroska hjá öllum börnum Kirkugerðis þótti vel við hæfi að nýta þá flokka ásamt einum auka flokk fyrir stærðfræði. Þ.a.l. er hægt að samræma notkun málörvunarefnis við þær áherslur sem eru á hverri deild að hverju sinni.

| Litur | Flokkur | Lýsing |
|---|---|---|
| 🔴 | **Málskilningur** | Spil og leikir sem miða að því að auka skilning barnanna á mæltu máli. Svara spurningum, fara eftir fyrirmælum, benda eftir fyrirmælum, skilja hvað er að gerast í sögu o.s.frv. |
| 🟡 | **Málvitund** | Áhugi á uppbyggingu máls og hvernig málið er byggt upp af ólíkum hljóðum. Hljóðkerfisvitund er í þessum flokki. |
| 🟠 | **Framburður** | Hæfileikinn til að bera málhljóðin rétt fram. |
| 🟢 | **Orðaforði** | Orðaforði eru öll þau orð sem við þekkjum á íslensku. Sá efniviður sem er í þessum flokki miðar að því að auka við þau orð sem barnið þekkir og notar. |
| 🟢 | **Setningarmyndun** | Með setningarmyndun er átti við það að setja saman orð þannig að þau myndi málfræðilega rétta setningu. |
| 🔵 | **Samleikur/ félagsfærni** | Efniviður í þessum flokki hefur þau markmið að æfa þær félagslegu reglur sem finnast í samfélaginu. Reglur eins og að skiptast á, fylgja reglum (hvort sem er félagslegum reglum, boðskiptareglum eða í settum reglum í skipulögðum leik), taka þátt í samleik o.s.frv. |
| ⚫ | **Tjáskipti/ samskipti** | Í þessum flokki er efniviður sem æfir börn í að nýta málið sér til framdráttar. |
| 🟤 | **Athygli/einbeiting** | Hér eru verkefni sem auka úthald og athygli í daglegu starfi. |
| ⚪ | **Stærðfræði** | Talning, form, mynstur, stærðarhugtök o.s.frv. |

# Flokkun bókasafns.

Tekin var ákvörðun um að flokka bókasafn leikskólans og til þess var nýttur grunnur frá Bergrós Ólafsdóttur talmeinafræðingi.

Bókasafninu er skipt í tvennt; bækur fyrir 1 - 2 ára og bækur fyrir 3 - 4 ára. Hvorum flokk er síðan raðað í stafrófsröð eftir bókatitlum.

Mappa með bókaflokkum og hvaða bækur tilheyra hverjum flokki er til staðar í bókasafninu.

| Flokkur | Lýsing |
|---|---|
| **Bókaáhugi** | Bækur sem hvetja börn til lesturs og að skoða bækur og myndir en eru ekki endilega hentugar til bóklesturs. t.d. Alfræðibækur. |
| **Eftirherma** | Bækur sem hvetja til eftirhermu. |
| **Endurtekning** | Bækur sem leggja áherslu á eftirhermu. |
| **Almenn málörvun** | Góðar bækur sem gott er að lesa. Bækur sem eru hvetjandi til lesturs og með góða uppbyggingu. |
| **Lýsingarorð** | Bækur sem leggja áherslu á að auka orðaforða barnanna. Lýsingarorð eru þau orð sem lýsa hlutum frekar. |
| **Form** | Bækur sem fjalla um formin. T.d. Hringur, ferningur o.s.frv. |
| **Litir** | Bækur sem fjalla um litina. |
| **Andheiti** | Orð sem hafa andstæða merkingu. T.d. Lítill– stór, heitt—kalt. |
| **Afstöðuhugtök** | Bækur með áherslu á afstöðuhugtök. T.d. Undir, yfir, aftan o.s.frv. |
| **Sagnorð** | Bækur sem leggja áherslu á að auka orðaforða barnanna. Sagnorð eru þau orð sem segja frá því sem einhver gerir. |
| **Nafnorð** | Bækur sem leggja áherslu á að auka orðaforða barnanna. Nafnorð eru nöfn eða heiti hluta í umhverfinu okkar. |
| **Hljóð í umhverfinu** | Bækur þar sem áherslan er á þau hljóð sem við heyrum í kring um okkur. |
| **Neitun** | Bækur sem leggja áherslu á neitun í setningum. |
| **Setningargerð** | Vel skrifaðar bækur sem sýna góðar setningar og rétta uppbyggingu þeirra. |

| Flokkur | Lýsing á flokki |
|---|---|
| **Hljóðkerfisvitund - Rím** | Bækur sem leggja áherslu á rím í texta. Oft bækur í bundnu máli. |
| **Hljóðkerfisvitund - Hljóðkerfi** | Bækur sem efla hljóðkerfisvitund barnanna að rími undanskildu. |
| **Fjöldahugtök** | Bækur með það markmið að auka skilning á notkun talna og fjöldahugtaka. |
| **Spurningar** | Bækur sem leggja áherslu á að spyrja spurninga. |
| **Söngur og hreyfileikir** | Bækur sem vinna með söng og hreyfileiki. |
| **Viðeigandi boðskipti/ félagsfærni** | Bækur þar sem áherslan er á að kenna boðskipti og þjálfa félagsfærni. T.d. Hlusta, bíða, gera til skiptis og samskipti. |
| **Skemu** | Skipulagt þekkingarmynstur. Til eru nokkrar gerðir skema. T.d. Sjálfskema, skema yfir annað fólk, hlutverk eða aðstæður. |

# Sérkennsla

Á Kirkjugerði er starfandi sérkennslustjóri í 80% starfshlutfalli. Sérkennslustjóri hefur það hlutverk að styðja við faglegt starf inni á deildum, leiðbeina starfsfólki leikskólans varðandi örvun barna inni á deildum og skipulag á þeirri örvun sem fram fer inni á deildum. Þá sinnir sérkennslustjóri eftirfylgd við þau börn sem koma undir viðmiðum í þeim matstækjum sem nýtt eru, situr fundi með deildarstjórum varðandi þau börn sem þurfa aukna örvun og eftirlit, situr teymisfundi með þeim börnum sem eru með teymi í kring um sig og skilafundum með þeim sérfræðingum sem koma að börnum leikskólans.

Sérkennslustjóri skipuleggur og sér um þjálfun barna sem þurfa á einstaklingsþjálfun í sérkennslurými leikskólans. Við skipulag á sérkennslu barna er stuðst við niðurstöður frá talmeinafræðing þegar þær niðurstöður eru til staðar. Öðrum kosti er unnið eftir niðurstöðum úr TRAS, EFI-II, Orðaskil eða öðrum matstækjum sem kunna að hafa verið notuð. Þá er sérkennsluráðgjafi starfandi hjá skólaskrifstofu sem kemur reglulega í leikskólann. Sérkennsluráðgjafi sér um gerð einstaklingsnámsskráa og skipulag á þjálfun barna sem eru með skilgreindann stuðning og þurfa auka örvun daglega. Foreldrar barna sem fara í auka málörvun hjá sérkennslustjóra fylla út eyðublað til samþykkis um að þau séu meðvituð um þjálfunartíma (sjá viðauka 5).

## Reglubundin notkun matstækja

Í gegnum leikskólagöngu barnanna eru lögð fyrir reglubundin matstæki. Að hausti 2023 verður sú breyting að lagt verður fyrir öll börn á þriðja aldursári málþroskaprófið Orðaskil og EFI-2 málþroskaskimun á fjórða aldursári. Auk þess nota leikskólakennarar og annað fagfólk með réttindi TRAS skráningarlistann tvisvar á ári. Þegar nemendur hefja leikskólagöngu á Víkinni á fimmta aldursári er HLJÓM-2 lagt fyrir.

## Orðaskil




Haustið 2023 verður byrjað að leggja styttri útgáfu af Orðaskil fyrir alla nemendur á þriðja aldursári. Styttri útgáfa af Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum eins og hálfs árs til þriggja ára. Orðaskil metur orðaforða barna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Foreldrar fá gátlista orða og setninga og eiga að merkja við það sem þeir hafa heyrt börn sín nota. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna teljist falla innan eðlilegra marka meðal jafnaldra (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998). Þegar búið er að lesa úr listanum í samanburði við aldursviðmiðin er farið eftir verkferli til að mæta mismunandi þörfum barna.

### Orðaskil - verkferill



## EFI-2




EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Skimunin metur málskilning og tjáningafærni barns. Skoðuð er myndabók með barninu sem svarar stöðluðum spurningum um leið og það skoðar bókina. Tilgangurinn með skimuninni er að finna börn sem gætu þurft á auka málörvun að halda. Svör barns gefa vísbendingar um hvernig málþroski barns er miðað við jafnaldra. Börnin geta komið út á grænu svæði (góð geta/meðalgeta, gulu svæði (slök geta) eða rauðu svæði (mjög slök geta) miðað við jafnaldra (Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir, 2012). Eftir skimun er unnið eftir verkferli til að mæta mismunandi þörfum barna.

Í kjölfar EFI-2 fer sérkennslustjóri yfir niðurstöðurnar og setur þær upp sem eina heild til að sjá hvort og þá hvar veikleikar deildarinnar eru. Í framhaldinu af því setur hann upp áætlun í málörvun í samstarfi við deildarstjóra.

### EFI-2 - Verkferill

**EFI - 2**
Lagt fyrir öll börn á fjórða aldursári
Fyrr ef þörf þykir

| **Niðurstöður í/yfir meðallagi** | **Frávik í skilning eða tjáningu** | **Frávik í skilning og tjáningu** |
|---|---|---|
| Deildarstjóri afhendir foreldrum niðurstöðublað (viðauki 7) | Deildarstjóri ræðir við foreldra um niðurstöður og þeir fá afhent niðurstöðublað ásamt blað með úrræðum (viðauki 7) | Deildarstjóri og sérkennslustjóri halda fund með foreldrum og afhenda niðurstöður ásamt blaði með úrræðum (viðauki 7) |
| Áfram málörvun inni á deild | Gerð einstaklingsáætlun | Gerð er einstaklingsáætlun eða fyrri áætlun er uppfærð |
| | Lögð áhersla á málörvun í þeim þætti sem kom slakur út | Fleiri skimanir gerðar eftir þörfum |
| | Skimun endurtekin eftir tvo til þrjá mánuði | Skimun endurtekin eftir tvo til þrjá mánuði |
| | Tilvísun til talmeinafræðings gerð ef þörf þykir | Tilvísun til talmeinafræðings gerð ef þörf þykir |

## TRAS




TRAS er skráningarlisti sem leikskólakennari eða annar fagaðili sem sótt hefur réttindanámskeið skráir svör við ákveðnum spurningum til þess að fá heildarsýn um stöðu barns. Skráningin hefst þegar barnið er rúmlega tveggja ára gamalt og lýkur við fimm ára aldur. Skráð er tvisvar á ári með sex mánaða millibili. Spurningarnar á skráningarblaðinu eru flokkaðar í þrjú færnisvið sem hvert um sig skiptist í nokkra þætti:

Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting
Málskilningur og málvitund
Framburður, orðaforði og setningamyndun

(Wagner, 2011).

Öll börn á Kirkjugerði eru skoðuð með TRAS frá tveggja ára aldri. Listinn er fylltur út í afmælismánuði barnsins og á hálfs árs afmæli barnsins. Í afmælismánuði barnsins er síðan foreldraviðtal þar sem farið er yfir niðurstöður TRAS listans og rætt almennt um barnið.

Sérkennslustjóri fylgist með og heldur utan um niðurstöðum úr TRAS. Þannig fylgist hann með hvort/hvar veikleikar hverrar deildar sem heild eru og býr til áætlun í málörvun í samráði við deildarstjóra.

TRAS - Verkferill

**TRAS**
Fylltur út fyrir öll börn tvisvar á ári

**Allir/nánast allir kassar fylltir út - engar áhyggjur**

Deildarstjóri sýnir foreldrum TRAS hringinn í foreldraviðtali

Unnið er inni á deildum með þá þætti sem eru á listanum. Með því markmiði að efla börnin enn frekar í sinni færni og þekkingu

**Flestir kassar fylltir út - litlar áhyggjur**

Deildarstjóri sýnir foreldrum TRAS hringinn í foreldraviðtali. Þar er farið yfir úrræði sem hægt er að vinna með heima

Unnið með slaka þætti úr TRAS inni á deildum og í litlum hópum

TRAS hringur fylltur aftur út eftir sex mánuði.

Deildarstjóri og sérkennslustjóri meta stöðuna hvort þörf sé á frekara inngripi

**Frávik í skilning og tjáningu**

Deildarstjóri og sérkennslustjóri boða foreldra á fund þar sem farið er yfir TRAS hringinn og úrræði sem hægt er að vinna með heima og í leikskóla.

Gerð er einstaklingsáætlun eða fyrri áætlun er uppfærð

Unnið með slaka þætti inni á deild og í sérkennslurými með sérkennslustjóra

TRAS hringur fylltur út aftur eftir sex mánuði og framfarir metnar

Fleiri skimanir gerðar eftir þörfum

Tilvísun til talmeinafræðings og/eða sálfræðings gerð ef þörf þykir

### HLJÓM-2

Að hausti fara öll börn á Víkinni fimm ára deild í HLJÓM-2 próf. HLJÓM-2 próf metur stöðu hljóðkerfisvitundar hjá börnum á fimm ára aldri. Prófið metur eftirfarandi þætti; rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Niðurstöður eru reiknaðar út frá lífaldri barnsins og eru flokkaðar á eftirfarandi hátt; góð færni, meðalfærni, slök færni og mjög slök færni (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002)

Eftir að HLJÓM-2 prófi á Víkinni er lokið fær leikskólinn afrit af niðurstöðum hópsins. Sérkennslustjóri rýnir í niðurstöðurnar og metur hvort gera þurfi breytingar í örvun hljóðkerfisvitundar í leikskólanum. Sérkennslustjóri fer síðan yfir niðurstöður með deildarstjórum og saman fara þeir yfir hvað er að ganga vel og hvað má gera betur.

## Önnur matstæki

Ef niðurstöður úr áðurnefndum matstækjum eru fyrir neðan meðaltal fer íhlutun og foreldrasamvinna í gang og lögð eru fyrir fleiri matstæki eftir þörfum. Önnur matstæki sem lögð eru fyrir í leikskólanum eru: Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Íslenski Málhljóðamælirinn og AEPS, eftir því hvað við á.

### Smábarnalistinn

Smábarnalistinn er ætlaður til að meta mál- og hreyfiþroska 15-38 mánaða barna. Mæður fylla út lista með stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna. Prófþættir listans eru: Hreyfiþáttur (grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg) og málþáttur (hlustun og tal). Þegar prófþættirnir eru teknir saman er hægt að skoða þroskatölu sem gefur til kynna almennan þroska barns miðað við jafnaldra að mati móður (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2020b).



Smábarnalistinn

## Íslenski þroskalistinn



Íslenski þroskalistinn

Íslenski þroskalistinn er ætlaður eldri börnum (3-6 ára). Líkt og í Smábarnalistanum er verið að meta mál- og hreyfiþroska barna og fylla mæður út lista með stöðluðum spurningum um mál- og hreyfifærni barna sinna. Prófþættir listans eru hreyfiþáttur (grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg) og málþáttur (hlustun, tal og nám). Þegar prófþættirnir eru teknir saman er hægt að skoða þroskatölu sem gefur til kynna almennan þroska barns miðað við jafnaldra að mati móður (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2020a).

## Íslenski Málhljóðamælirinn

Íslenski málhljóðamælirinn er skimunartæki í spjaldtölvu (iPad) sem ætlað er fagaðilum í leik- og grunnskóla og stofnanna. Með forritinu er hægt að skima framburð íslensku málhljóðanna og meta skiljanleika tals. Í lok skimunar er samantekt sjálfkrafa tilbúin með upplýsingum um stöðu barns. Hægt er að bæta við upplýsingum í samantektina, vista hana, senda og/eða prenta út. Í forritinu eru innbyggð aldursviðmið svo það kemur strax í ljós hvort framburður barns samsvarar getu jafnaldra. Bent er á hvaða málhljóð þarf að þjálfa til að laða fram réttan framburð (Raddlist ehf/Lærum og leikum með hljóðin, 2013). Foreldrar fá þessa skýrslu auk skilablaðs með ráðum hvernig þeir geti ýtt undir réttan framburð

Sjá nánar í viðauka 8.

## AEPS

AEPS er færnimiðað matskerfi. Matstækið metur getu barns frá fæðingu til sex ára aldurs, það metur hvar barn er statt og hvaða færni þarf að vinna með. Það eru listar fyrir bæði foreldra og fagfólk. Listarnir meta færni barna á sex þroskasviðum þ.e. fínhreyfingum, grófhreyfingum, færni í daglegum athöfnum, vitsmunaþátt, félagsleg tjáskipti og félagsleg samskipti. Matstækið er hagnýtt kerfi sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. Það veitir góða mynd af styrkleikum og veikleikum í þroska barns. Unnin eru markmið út frá AEPS listanum í samstarfi við foreldra og fagaðila (Bricker, 2002).


AEPS matskerfi

# Frávik í þroska

Þegar grunur vaknar um áhyggjur af þroska, hegðun eða líðan barns þá er farið eftir verkferli sérfræðiþjónustu leikskóla sem sjá má í viðauka 9

## Einstaklingsáætlun

Þegar börn koma undir viðmiðum í reglubundnum skimunum, eða ef áhyggjur vakna af hegðun eða þroska barns fer í gang íhlutun. Fyrsti hluti íhlutunar er að fá foreldra í samstarf og er því gerð einstaklingsáætlun þar sem sett eru fram markmið. Bæði leikskóli og heimili setja niður hvernig áætlað sé að vinna að því markmiði. Áætlunin er síðan undirrituð, bæði af leikskóla og foreldrum og í næsta foreldraviðtali er farið yfir hvernig gengur að framfylgja áætlun og áætlunin uppfærð. Sjá nánar í viðauka 10

## Stuðningur á deild

Þegar börn þurfa sértækan stuðning inni á deild er send umsókn fyrir það barn til skólaskrifstofu. Í umsókn er gerð grein fyrir hvers vegna þörf sé á stuðning og hversu mörgum tímum sé þörf á. Skólaskrifstofa metur síðan þörf á stuðning og úthlutar tímum í samræmi við metna þörf viðkomandi barns.

Barn sem fær úthlutað stuðningstímum á rétt á séraðstoð inni á deild. Þá fylgir því starfsmaður í þeim aðstæðum þar sem barnið þarfnast íhlutunar og aðstoðar það þegar þess þarf. Stuðningsaðili ber ábyrgð á því að framfylgja einstaklingsnámsskrá og að fara með barnið í þjálfunarstundir. Þjálfunarstundir eru skipulagðar af sérkennsluráðgjafa/sérkennslustjóra í samráði við stuðningsaðila.

## Einstaklingsnámsskrá

Börn með sérstaka stuðningsþörf fá einstaklingsnámsskrá. Einstaklingsnámsskrá er ítarlegri en einstaklingsáætlun, þar sem farið er yfir þá hluta starfsins sem barnið þarfnast íhlutunar, hvar áherslur liggja og hver ber ábyrgð á að framfylgja íhlutun. Einstaklingsnámsskrá er unnin út frá þeim matstækjum sem hafa verið notuð með barninu eins og t.d. málþroskamati og/eða AEPS lista. Einstaklingsnámsskrá er lifandi skjal og breytist eftir þörfum barnsins og þroska.

Sjá nánar í viðauka 11

## Teymisfundir

Börn með sérþarfir þarfnast aukinnar samvinnu á milli allra þeirra sem koma að barninu. Því er nauðsynlegt að þau börn sem eru með frávik eða aðrar sérþarfir fái reglulega teymisfundi þar sem allir aðilar hittast, fara yfir hvernig gengur og setja niður markmið fyrir framhaldið. Teymisfundir eru að jafnaði á sex til átta vikna fresti en oftar ef þörf er á.

## PECS

PECS er myndrænt boðskiptakerfi sem er notað með börnum sem hafa takmarkaða eða enga boðskiptafærni og búa ekki yfir færni til að nota talmál til að tjá sig. Með PECS boðskiptaþjálfun er lögð áhersla á þjálfun frumkvæðis til boðskipta og málhegðun en ekki talmál. Aukin boðskiptafærni eftir PECS þjálfun hefur hinsvegar haft jákvæð áhrif á þróun talmáls. Aðferðin var þróuð af Andy Bondy og Lory Frost og byggir á því að myndir og/eða önnur tákn eru notuð til að þjálfa virk boðskipti. Barnið er þjálfað í að skipta á mynd og því sem það langar til að fá. PECS er einföld og jákvæð aðferð sem ekki er tímafrekt að leggja inn. (Guðný Stefánsdóttir, 2020)



PECS myndamappa

# Heimildaskrá


Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever, Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði tvítyngdra leikskólabarna málumhverfi heima og í leikskóla. *Netla – Veftímarit Um Uppeldi Og Menntun,* Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf

Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir. (2000). Íslenska í leikskóla. *Skíma* 23(2), 23 -27

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson (2014) *Snemmtæk íhlutun tveggja til þriggja ára barna.* Akranes: höfundar.

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Sigurlaug Jónsdóttir. 2000. Mállestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík og Sara Tosti. (2021). *Snemmtæk íhlutun í hnotskurn - Verkfærakista hugmynda.* Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir.

Becker, B. (2011). Social disparities in children's vocabulary in earlychildhood. does pre-school education help toclose the gap? *The British Journal of Sociology, 62*(1), 69-88. Sótt af https://onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.1111/j.1468-4446.2010.01345.x

Bolduc, J. (2009). The effects of music instruction on emergent literacy capacities among preschool children: A literature review. Early Childhood Research & Practice, 11(1). https://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ848681.pdf

Bricker, D. (2002). *AEPS assessment, evaluation, and programming system for infants and children: Administration guide (2 útgáfa).* Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.

Bruce, B., Kornfält, R., Radeborg, K., Hansson, K. Og Nettelbladt, U. (2003) Identifying children at risk for language impairment: screening of communication at 18 months. *Acta pædiatrica, 92*(9), 1090-1095.

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (2020b). Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn. *Þroski.is.* Sótt frá https://throski.is/smabarnalistinn/

Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson. (18. 3 2020a). Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn. *Þroski.is.* Sótt frá http://throski.is/islenski-throskalistinn

Elín Þöll Þórðardóttir (1998). *Orðaskil: Málþroskapróf.* Reykjavík: Framsaga.

Elín Þöll Þórðardóttir (2004). Tvítyngi er ekkert að óttast. *Talfræðingurinn, 18*(1), 5-7.

Elín Þöll Þórðardóttir (2006) Language intervention for bilingual mindset. *The ASHA leader: American speech language and hearing association, 11*(10) 6-12.

Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. (2012*). EFI-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða aldursári: Handbók.* Akranes: Talþjálfun og ráðgjöf.

Elsa Pálsdóttir. (2017). *Orðaforðalisti hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu*. Kópavogur: Menntamálastofnun.

Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein. Íslensku málhljóðin sýnd og sungin*. Reykjavík: Mál og menning/Forlagið.

Guðmundur B. Kristmundsson. (2001) Lestur og læsi. Í Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson (ritstj.) *Alfræði Íslenskrar tungu.* [Tölvuforrit]. Reykjavík: Lýðveldissjóður/námsgagnastofnun.

Guðný Stefánsdóttir (2020) PECS, *Ráðgjafa og greiningarstöð.* sótt af: https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/pecs-myndraent-bodskiptakerfi

Hadley, P.A. (2006). Assessing the emergence of grammar in toddlers at risk for specific language impairment. *Seminars in speech and language, 27*(2), 173-186.

Hallam, S.(2010). The power of music: Its impact on the intellectual, social and personal development of children and young people. *International Journal of Music Education, 28*(3), 269-289. Sótt af: https://doi.org/10.1177/0255761410370658

Hargrave, A. C. og Sénéchal, M. (2000). A book reading intervention with preschool children who have limited vocabularies: The benefits of regular reading and dialogic reading. *Early Childhood Research Quarterly, 15*(1), 75-90. Sótt af https://doi.org/10.1016/S0885-2006(99)00038-1

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir (1999). *Markviss málörvun – þjálfun hljóðkerfisvitundar.* Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólabarna þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjögra og fimm ára aldurs. *Netla.* Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf

Ilari, B. S., & Polka, L. (2006). Music cognition in early infancy: Infants' preferences and long-term memory for Ravel. *International Journal of Music Education, 24*(1), 7-20. https://doi.org/10.1177/0255761406063106

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002). *Hljóm -2 Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Handbók.* Reykjavík. Gutenberg.

Jóna G. Ingólfsdóttir. (2003). Íhlutun fyrstu árin. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfsdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), *Þroskahömlun barna: Orsakir – eðli – íhlutun.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Kamhi, Alan G. og Catts, Hugh W. (2014). *Language and reading disabilities* (3. útgáfa). Great Britain: Ashford Colorpress ltd.

*McMaster University*. (2018). Music and Early Childhood Development. Sótt af: https://sota.humanities.mcmaster.ca/resources-and-research/early-childhood-development/

Miniscalco, C., Westerlund, M. Og Lohmander, A. (2005) Language skills at age 6 years in Sweedish children screened for language delay at 2 ½ years of age. *Acta Pædiatricia, 94*(12), 1798-1806.

Phillips, B. M., Clancy-Menchetty, J. Og Lonigan, C. J. (2008). Successful phonological awareness instruction with preschool children: lessons from the classroom. *Topics in early childhood special education, 28*(1).

Pullen, P. C. Og Justice, L. M. (2003). Enhancing phonological awareness, print awareness and oral language skills in preschool children. *Intervention in School and Clinic, 39*(2), 87-98.

Raddlist ehf/Lærum og leikum með hljóðin. (2013). Íslenski málhljóðamælirinn. *Lærum og leikum með hljóðin.* Sótt af: https://laerumogleikum.is/vefverslun/islenski-malhljodamaelirinn/islenski-malhljodamaelirinn-rettindanamskeid-fjarnamskeid-fostudaginn-3-mars-2023/

Rescorla, L. (1989). The language development survey: A screening tool for delayed language in toddlers. *Journal of speech and hearing disorders,* 54, 587-599

Sigríður Pálmadóttir (2010). Tónlist í leikskóla. Sótt af: https://www.leikskolinn.is/starfsfolk-foreldrar/tolfraedi/tonlist-i-leikskola/

Stefanía Ólafsdóttir. (2016). Áhrif veikleika í málþroska á nám og sjálfstraust nemenda. *Glæður, 26*(1), 70-80.

Tryggvi Sigurðsson. (2006). Snemmtæk íhlutun: fyrir ung börn með málhömlun. *Talfræðingurinn, 19*(1), 5-7

*Vestmannaeyjabær*. (21. október 2022). Sótt frá Yfirlýsing vegna framtíðarsýnar og áherslna í skólastarfi undirrituð: https://www.vestmannaeyjar.is/mannlif/frettir/yfirlysing-vegna-framtidarsynar-og-aherslna-i-skolastarfi-undirritud

Wagner Hansen. Å. K. (2011). *TRAS: skráning á málþroska barna.* Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir og Margrét Tryggvadóttir. Reykjavík: Prenttækni.

Warden, C. (2017). *Talking and thinking Floorbooks*. Bell&Bain Ltd., Glasgow UK.

Yopp, H. K. og Yopp, R. H. (2009) Phonological awareness is child‘s play!, *YC. Young children, 64*(1)

# Viðauki 1

## Hvað er í Floorbook?

### Forsíða

Forsíðan er gerð í lok Floorbook ferlissins. Þegar við vitum hver rauði þráðurinn í bókinni er. En vegna þess að vinnan í bókinni stýrist af áhuga barnanna er ekki hægt að ákveða titil eða forsíðu fyrr en vinnan er vel á veg komin. Börnin ákveða titil og skreyta forsíðuna.

### Fyrsta síðan

Allir, bæði börn og kennarar, sem vinna að bókinni skrifa nafnið sitt(eða gera eitthvað merki) á fyrstu síðu bókarinnar. Þetta er bók barnanna, þau eru höfundar og kvitta fyrir það.

### Hugarkort

Sett er hugarkort í bókina, annaðhvort mynd af þrívíddar hugarkortinu sem var unnið í umræðutímanum í upphafi eða hugarkort sem var skráð útfrá því.

### Aftast í bókinni

Aftast í bókinni er námsmat. Þar eru skráð fjögur námssvið Aðalnámskrár leikskóla sem leikskólanum ber að vinna eftir. Eftir hvern tíma skráir kennarinn í námsmatið, bæði dagsetningu og hvernig unnið var með tiltekið svið.

Það getur verið gott fyrir kennarann að gera hugarkort jafnóðum, eingöngu fyrir sjálfan sig, um hvernig bókin gengur. Skrá niður hvaða viðfangsefni leiðir hvert og hvenær. Eftir hvern tíma fyllir þá kennarinn inn hvað var gert og setur dagsetningu á bak við. Oft fer viðfangsefnið í hringi og endar aftur á sama stað eftir ákveðin tíma. Þá bætir kennarinn nýrri dagsetningu við þá fyrri. Þetta kort yrði staðsett á öftustu síðum bókarinnar.

# Umræðukassar

Kassarnir eiga að vera þannig samansettir að allt sé í þeim sem þarf að nota í tímanum. Kennarinn á ekki að þurfa að fara frá hópnum að leita að einhverju sem vantar til að geta haldið áfram með hópatímann.

Í umræðukössunum er eftirfarandi:

## Myndir og hlutir

Myndir og hlutir sem tengjast á einhvern hátt þema kassans. Börnin skoða myndirnar og hlutina og reyna að finna út tengingu við viðfangsefnið og hvaða hlutir innan þess tengjast á einn eða annan hátt.

Pennar, litir og yddari

Í kassanum eru svartir pennar, litir og yddari. Kennarinn notar pennana til að skrifa á renningana. Börnin nota litina til að skrifa eða teikna á svo kölluð skýjablöð.

## Sikk sakk bækur

Sikk sakk bækurnar eru notaðar þegar þau börn sem hafa mest að segja leyfa hinum ekki að komast að. Þá réttir kennarinn því barni bók og biður það að skrá með myndum eða orðum sínar hugmyndir á meðan hann talar við hin börnin. Sikk sakk bókin er svo sett í floorbooks bókina sem börnin eru að vinna saman og er merkt barninu.

## Skýjablöð

Börnin skrá með myndum eða orðum það sem þau vita um viðfangsefnið.

## Mjóir renningar

Kennarinn skrifar á renningana það sem börnin segja um viðfangsefnið í umræðutímanum.

## Málband

Í öllum kössunum er málband. Oft geta komið upp vangaveltur tengdar viðfangsefninu sem snúa að lengd og þá er gott að hafa málband við höndina.

# Hvar á ég að byrja?

Veldu þér umræðuefni, annað hvort út frá umræðukössum sem eru tilbúnir eða safnaðu efni í nýjan kassa út frá áhugasviði barnanna. Sestu niður með barnahópnum og skoðið kassann í sameiningu. Umræðukassarnir eru þannig samansettir að umræðuefnið getur farið í ýmsar áttir eftir því hvaða barnahópur er að skoða. T.d ef „Líkaminn minn“ kassinn er skoðaður getur áhugasvið barnanna leitt ykkur áfram í að skoða hreinlæti, meltingu, uppbyggingu líkamans eða jafnvel bara aukahluti sem við notum dags daglega. Þess vegna er mikilvægt fyrir kennarann að vera ekki með viðfangsefni tengt þemanu ákveðið fyrr en eftir fyrsta umræðutímann.

Í kassanum eru bæði myndir og hlutir sem börnin skoða og velta fyrir sér.

Gott er að nota upptöku til að taka upp það sem börnin ræða um og skrá eftir á.

Eftir að hafa skoðað kassann og rætt um hlutina í honum er komið að því að gera þrívíddar hugarkort með börnunum. Kennarinn spyr börnin hvað þau vita um þemað í kassanum og skráir niður þeirra svör á renningana. Eftir nokkur svör fær hvert og eitt barn skýjablað og teiknar eða skrifar eitthvað á blaðið tengt efninu. Þegar því er lokið spyr kennarinn hvert og eitt barn út í sitt ský og biður það að setja skýið sitt við þann renning sem það passar við. Það eru alltaf einhver börn sem eru með allt aðrar hugmyndir en flestir í hópnum, jafnvel hugmyndir sem „passa“ ekki við þemað. Þessar hugmyndir fara líka í floorbooks bókina og eiga jafn mikinn rétt á sér og hugmyndirnar sem passa inní þemað.

Eftir aða hafa farið yfir skýin í sameiningu ætti að vera nokkuð ljóst hvar áhugasvið hópsins liggur.

Núna er kassinn dreginn fram aftur og kennarinn aðstoðar börnin við að raða myndum og hlutum þar sem þeir passa á þrívíddar hugarkortið.

Þegar kortið er tilbúið, er gott að taka mynd af því og annað hvort prenta það út eða skrá niður hugarkort í floorbooks bókina útfrá þrívíddar kortinu.

# Næsta skref

Eftir þennan fyrsta tíma ætti kennarinn að vera kominn með nokkuð góða mynd af því hvað næsta mögulega skref er eða N.M.S(e. P.L.O.D-Possible lines of development). N.M.S er í raun bara hugmynd kennarans um hvað við getum gert til að læra um eitthvað ákveðið. N.M.S þarf að vera skýrt svo allir sjái tilganginn í því.

Dæmi: Börnin skoða kassann Líkaminn minn og hafa mestan áhuga á að skoða hvað gerist þegar við borðum. Hvað vita börnin um meltingarkerfið? Hvað gerist fyrst, og næst og næst. En þegar við drekkum? N.M.S. barna gæti þá verið skráð: Gera tilraun með börnunum til að sjá hvernig meltingarkerfið virkar.

Hvað getum við gert til að læra hvað verður um matinn þegar við borðum hann? Getum við gert einhverjar tilraunir? Lesið bók og rætt um þetta?

Kennarinn þarf að vera virkur í að finna fjölbreyttar leiðir til að vinna með börnunum, „Pinterest" er t.d fullt af hugmyndum um alls konar tilraunir sem hægt er að gera með börnum til að dýpka skilning þeirra. Það er algjör óþarfi að vera að finna upp hjólið.

Reglulega í gegnum bókina gerir kennarinn nýtt N.M.S út frá því hvert áhugi barnanna fer hverju sinni innan viðfangsefnisins. Viðfangsefni bókarinnar getur því endað á allt öðrum stað en við héldum að það myndi gera í upphafi.

Kennarinn skráir í bókina eftir hvern tíma með orðum og ljósmyndum hvað fór fram í tímanum.

Það er mjög mikilvægt að leyfa börnunum að taka þátt í skráningunni í bókina. Eldri börnin klippa sjálf myndirnar og líma í bókina. Börnin mega einnig skrá með teikningum þær hugmyndir sem þau fá á leiðinni.

# Yngstu börnin

Floorbooks vinna með yngstu börnunum er töluvert ólík þeirri vinnu sem unnin er með eldri börnunum. Með yngri börnunum er skoðað þemu sem tengjast þeirra nánasta umhverfi eins og t.d. fjölskylduna, skilningarvitin eða álíka þætti.

Með yngri börnunum fer fram meiri myndaskráning, ásamt því að kennarinn skráir hvað fer fram. Þegar börnin eru byrjuð að tala skráir starfsfólkið auðvitað líka hvað þau segja.

Með yngstu börnin væri gott að finna til umræðukassa með alls konar efni með mismunandi áferð, þyngd, lykt, litum, formum o.fl. Leyfa svo börnunum að fara í gegnum og skrá niður, með orðum og myndum hvað fer fram.

# Læsi og samskipti

Hefur barnið fengið tækifæri til að:

- Leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsamlegan hátt
- Vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi
- Tjá sig með fjölbreyttum hætti (líkamlega, munnlega og í skapandi starfi)
- Leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum stafa
- Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- Ræða málefni og hlusta á aðra
- Nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær
- Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

# Heilbrigði og vellíðan

Hefur barnið fengið tækifæri til að:

- Sýna umhyggju
- Sjá um persónulega umhirðu
- Þekkja holla næringu
- Stunda fjölbreytta hreyfingu
- Stunda ögrandi og krefjandi útivist
- Stunda slökun og hvíld
- Sýna tilfinningalegt jafnvægi
- Eiga jákvæð samskipti
- Njóta félagslegra tengsla

# Sjálfbærni og vísindi

Hefur barnið fengið tækifæri til að:

- Velta vöngum yfir umgengni sinni og bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi
- Átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun
- Skilja hringrásir og ýmis fyrirbæri í náttúrunni
- Átta sig á margvíslegum auðlindum náttúrunnar
- Velta vöngum yfir nýti náttúrunnar
- Vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga
- Vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölur, tákn og mynstur
- Vinna með lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra
- Vinna með eðli ýmissa krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu
- Skoða eiginleika ýmissa efna og hluta
- Velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar
- Átta sig á rými, fjarlægðum og áttum.

# Sköpun og menning

Hefur barnið fengið tækifæri til að:

- Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli
- Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti
- Kanna og vinna með margvíslegan efnivið
- Nýta fjölbreytta tækni
- Njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra
- Læra texta og taka þátt í söng
